

Aðalfundur Breiðabliks



2021

AÐALFUNDUR BREIÐABLIKS 2021

Efnisyfirlit ársskýrslu

DAGSKRÁ.....	3
FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR BREIÐABLIKS 2020	4
LÖG BREIÐABLIKS.....	6
REGLUGERÐ UM HEIÐURSVEITINGAR	10
REGLUGERÐ UM VEITINGU BIKARA Á AÐALFUNDI BREIÐABLIKS.....	11
HEIÐURSVEITINGAR	12
SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR 2020 - 2021.....	17
SKÝRSLA ÍPRÓTTASKÓLA 2020 – 2021.....	23
ELDRI BORGARA LEIKFIMIN 2020 – 2021.....	24
SKÝRSLA GETRAUNANEFNDAR 2020 – 2021.....	26
ÁRITUN STJÓRNAR	28
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA.....	29
SAMSTÆÐUREIKNINGUR BREIÐABLIKS	31
ÁRITUN SKOÐUNARMANNA	36
ÁRSREIKNINGUR AÐALSTJÓRNAR	37
ÁRSSKÝRSLA FRJÁLSÍPRÓTTAÐEILDAR BREIÐABLIKS.....	44
ÁRSSKÝRSLA HJÓLREIÐAÐEILDAR BREIÐABLIKS.....	49
ÁRSSKÝRSLA KARATEÐEILDAR BREIÐABLIKS	49
ÁRSSKÝRSLA KNATTSPYRNUÐEILDAR BREIÐABLIKS	53
ÁRSSKÝRSLA KRAFTLYFTINGAÐEILDAR BREIÐABLIKS.....	55
ÁRSSKÝRSLA KÖRFUKNATTLEIKSÐEILDAR BREIÐABLIKS	55
ÁRSSKÝRSLA SKÁKÐEILDAR BREIÐABLIKS.....	60
ÁRSSKÝRSLA SKÍÐAÐEILDAR BREIÐABLIKS.....	63
ÁRSSKÝRSLA SUNDÐEILDAR BREIÐABLIKS	65
ÁRSSKÝRSLA TAEKWONDODEILDAR BREIÐABLIKS	69
ÁRSSKÝRSLA ÞRÍÞRAUTARÐEILDAR BREIÐABLIKS.....	70

Dagskrá

Aðalfundur Breiðabliks 2021

haldinn í veitingasal Smárans fimmtudaginn 6. maí 2021 kl. 18.00

1. Kosning fundarstjóra, ritara og kjörbréfanefndar
2. Formaður leggur fram skýrslu aðalstjórnar
3. Kjörbréfanefnd skilar álitinu sínu
4. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til samþykktar
5. Kosning um lagabreytingar
6. Kosning formanns
7. Kosning þriggja stjórnarmanna
8. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags
9. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
10. Umræður um málefni félagsins og önnur mál

Fundargerð aðalfundar Breiðabliks 2020 sem haldinn var í Smáranum fimmtudaginn 14. maí kl. 17.00

1. Kosning starfsmanna fundarins

Sveinn Gíslason bauð fundargesti velkomna og setti fundinn. Gerði hann tillögu um að Einar Kristján Jónsson yrði fundarstjóri og að ritari fundarins yrði Þórólfur Heiðar Þorsteinsson sem var samþykkt.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins. Lýsti hann fundinn lögmætan. Tók hann fram að þar sem fyrir séð væri að framboð væru jafnmörg þeim stjórnarsætum sem í boði væru, væri óþarfi að skipa kjörbréfanefnd og var þeim dagskrárlið sleppt.

Einnig ákvað fundarstjóri að breyta dagskránni eilítið og fara næst í heiðursveitingar.

2. Heiðursveitingar

Heiðursblik

Pétur Ómar Ágústsson

Gullblik

Halla Garðarsdóttir

Jón Magnússon

Marínó Öundurson

Viðar Bragi Þorsteinsson

Silfurblik

Anna S. Ásgeirsdóttir

Jón S. Garðarsson

Halldór Grétar Einarsson

Sigríður Halldóra Kristjánsdóttir

Sigrún Sigríður Óttarsdóttir

Sunna Guðmundsdóttir

3. Skýrsla stjórnar

Sveinn Gíslason fór yfir skýrslu stjórnar en hana er að finna í ársskýrslu Breiðabliks fyrir árið 2020.

Fundarstjóri þakkaði Sveini fyrir greinargóða skýrslu. Fundarstjóri bauð fundarmönnum um að tjá sig um skýrslu stjórnar en enginn óskaði eftir því.

Fundarstjóri bauð síðan Eysteini upp í pontu til að gera nánari grein fyrir endurskoðuðum ársreikningi félagsins.

4. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til samþykktar

Eysteinn byrjaði á því að gera grein fyrir rekstrartekjum, rekstragjöldum og fjármagnstekjum/gjöldum á samstæðu-grundvelli. Að því loknu fór hann yfir efnahagsreikning og sjóðstreymi.

Fundarstjóri þakkaði Eysteini fyrir greinargóða lýsingu á endurskoðuðum ársreikningi. Bauð hann fundargestum að gera athugasemdir sem engar voru.

Bar svo fundarstjóri ársreikning undir fundinn og var hann samþykktur.

5. Kosning um lagabreytingar

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

6. Kosning formanns

Fundarstjóri lagði fyrir fundinn tillögu uppstillingarnefndar um að Sveinn Gíslason yrði formaður félagsins. Var það samþykkt með lófataki.

Lýsti fundarstjóri Svein því löglega kjörinn formann.

7. Kosning sex stjórnarmanna

Gengið var svo til kosninga stjórnarmanna.

Tillaga uppstillingarnefndar var að Halla Garðarsdóttir, Aðalheiður María Vigfúsdóttir og Björgvin Gestsson yrðu kosin til tveggja ára. Var það samþykkt með lófataki.

Á aðalfundi 2019 voru Ásgeir Baldurs, Guðmundur Sigurbergsson og Þórólfur Heiðar Þorsteinsson kosnir til tveggja ár og sitja því áfram í stjórn.

8. Kosning löggilts endurskoðanda

Fundarstjóri gerði tillögu um að Jón Þ. Hilmarsson og Svavar G. Stefánsson yrðu endurskoðendur félagsins, sem var samþykkt með lófataki.

9. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Fundarstjóri gerði tillögu um að Sigurjón Valdimarsson og Jóhann Geir Harðarson yrðu skoðunarmenn sem var samþykkt með lófataki.

10. Afhending félagsmálalabikars

Handhafi félagsmálalabikarsins Halldór Grétar Einarsson kom í pontu og afhenti Marteini Sigurgeirssyni félagsmálalabikarinn fyrir ötult starf í þágu félagsins.

11. Umræður um málefni félagsins og önnur mál:

Fundarstjóri bauð fundargestum upp á að koma spurningar eða athugasemdir undir liðnum umræður um málefni félagsins og önnur mál.

Jóhann Þór Jónsson biður um orðið. Óskar öllum til hamingju með heiðursveitingar. Þá þakkar hann starfsmönnum og þjálfurum framlag þeirra á þessum fordæmalausum tímum. Aftur á móti getur hann ekki farið í gegnum fundinn án þess að koma með þá athugasemd að Kópavogsbær hefur ekki haft samband við félagið um starfsemina, sem er furðulegt, svo ekki sé meira sagt.

Sveinn tekur til orðs og þakkar Steina Þorvaldssyni, fyrrum stjórnarmanni, fyrir vel unnin störf og afhendir honum blóm. Óskar Aðalheiði til hamingju með að vera komin í aðalstjórn. Tekur undir orð Jóhanns um framlag starfsmanna og þjálfara, og er bjartsýnn á framtíðina.

Þakkaði starfsmönnum fundarins og slítur fundi kl. 18:10.

Lög Breiðabliks

Nafn

1. grein

Félagið heitir Breiðablik og er ungmennafélag. Heimili félagsins og varnarþing er í Kópavogi.

Markmið

2. grein *****

Tilgangur félagsins er að skapa félagsmönnum sínum aðstöðu og tækifæri til að iðka íþróttir og hvers konar félags- og tómstundastarfsemi. Jafnframt að efla samstöðu og samkennd bæjarbúa með þátttöku í starfi félagsins.

Félagar

3. grein

Félagi telst hver sá sem þess óskar eða tekur þátt í starfi félagsins. Skal félagi skráður í eina eða fleiri deildir sem starfræktar eru í félaginu. Aðalstjórn heldur skrá yfir féлага með aðstoð deilda. Aðalstjórn getur vikið féлага úr félaginu fyrir stórfellt brot á félagsreglum.

Merki og búningur

4. grein

Merki félagsins er hvítur kyndill með rauðum loga á grænum grunni. Fyrir neðan miðju kyndilsins er letrað BREIÐABLIK. Aðallitur keppnis- og æfingabúninga félagsins er grænn.

Skipulag

Aðalfundur félagsins

5. grein *****

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í öllum málefnum þess. Hann skal haldinn eigi síðar en 15. Maí ár hvert. Til aðalfundar skal boða með tilkynningu í dagblöðum og á heimasíðu félagsins með minnst tveggja vikna fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Allir félagar hafa rétt til að bjóða sig fram til setu í aðalstjórn að undanskildum stjórnarmönnum deilda félagsins og starfsmönnum félagsins. Skriflegu framboði skal skila til framkvæmdastjóra félagsins að lágmarki viku fyrir boðaðan aðalfund.

Aðalstjórn skal kosin á aðalfundi og skal hún skipuð sjö einstaklingum. Formaður skal kosinn beinni kosningu á hverjum aðalfundi. Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þannig að þrír stjórnarmenn eru kosnir á hverju ári.

Aðalstjórn skal skipa þriggja manna uppstillinganefnd með hæfilegum fyrirvara fyrir aðalfund. Skal hún skipuð þremur almennum félagsmönnum. Tillögu sinni skal uppstillinganefnd skila til framkvæmdastjóra félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund.

Skal tillaga uppstillingarnefndar ásamt framkomnum framboðum liggja frammi á skrifstofu félagsins til fundardags.

Allir félagar eldri en 18 ára hafa tillögurétt um lagabreytingar. Tillögur um lagabreytingar skulu berast framkvæmdastjóra félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund og skulu þær liggja frammi á skrifstofu félagsins til fundardags.

Rétt til setu á aðalfundi með málfrelsi og tillögurétti eiga allir félagar eldri en 18 ára.

Hver deild fær að lágmarki tvö atkvæði á aðalfundi en til viðbótar eitt atkvæði fyrir hverja 100 iðkendur. Þó getur ein deild aldrei fengið meira en 1/3 heildarfjölda atkvæða. Miða skal við iðkendur 19 ára og yngri samkvæmt upplýsingum sem sendar eru til Kópavogsbæjar vegna undangengins starfsárs. Aðalstjórn skal samhliða boðun aðalfundar reikna út fjölda atkvæða og tilkynna stjórnnum hvernar deildar viku fyrir aðalfund.

Stjórn hvernar deildar er í sjálfvald sett að velja fulltrúa á aðalfund sem hafa atkvæðisrétt. Fundarstjóri aðalfundar skal sjá til þess að haldin sé skrá yfir fundarmenn sem hafa atkvæðisrétt áður en gengið er til atkvæðagreiðslu. Formaður aðalstjórnar setur aðalfund. Skall hann hefja dagskrá aðalfundar sem skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra, ritara og kjörbréfanefndar
2. Formaður leggur fram skýrslu aðalstjórnar
3. Kjörbréfanefnd skilar álitinu sínu
4. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til samþykktar
5. Kosning um lagabreytingar
6. Kosning formanns
7. Kosning þriggja stjórnarmanna
8. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags
9. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
10. Umræður um málefni félagsins og önnur mál

Á aðalfundi ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála. Til þess að breyta lögum félagsins þarf þó 2/3 hluta greiddra atkvæða. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Falli atkvæði jöfn ræður hlutkesti

Félagsfundur

6. grein** **** *****

Aðalstjórn félagsins skal kalla saman félagsfund, þegar þörf krefur. Skyllt er henni að boða til slíks fundar, ef meirihluti deilda félagsins krefjast þess skriflega, enda sé tilkynnt um fundarefni sem þær óska að sett verði á dagskrá.

Boða skal til félagsfundar með sama hætti og aðalfundur. Félagfundur og dagskrárefni skulu vera í samræmi við reglur 5. greinar þessara laga, eins og kostur er. Félagfundur hefur sama vald og aðalfundur.

Aðalstjórn

7. grein *****

Aðalstjórn framkvæmir stefnu aðalfundar, stýrir málefnum félagsins á milli aðalfunda, vinnur að alhliða eflingu þess og gætir hagsmuna félagsins í hvívetna. Aðalstjórn kemur fram út á við fyrir hönd félagsins og skuldbindur félagið gagnvart þriðja aðila.

Aðalstjórn skal á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund skipta með sér verkefnum. Stjórn skal að lágmarki kjósa um varaformann og ritara stjórnar. Aðalstjórn er ákvörðunarbær ef meirihluti stjórnar er viðstaddur fund. Einfaldur meirihluti ákvörðunarbærrar stjórnar ræður úrslitum við atkvæðagreiðslu. Aðalstjórn skal setja sér starfsreglur.

Úrdrátt úr fundargerðum aðalstjórnar skulu gerðar opinberar á heimasíðu félagsins eigi síðar en tveimur vikum eftir að fundar-gerð hefur verið samþykkt.

Aðalstjórn hefur umráðarétt yfir öllum sameiginlegum eignum félagsins og umsjón með rekstri þeirra og varðveislu.

Að minnsta kosti 2/3 hluta allra stjórnarmanna þarf til að:

- Veðsetja eignir félagsins
- Selja varanlega rekstrarfjármuni
- Kaupa fasteignir

Aðalstjórn ræður framkvæmdastjóra félagsins. Hann framkvæmir ákvarðanir aðalstjórnar og stýrir daglegum rekstri félagsins. Hann skal í starfi sínu kappkosta að hafa samráð við deildir félagsins og aðstoða þær eftir föngum í starfi sínu. Framkvæmdarstjóri er prókúruhafi félagsins og hefur vald til að annast allt það sem snertir starfsemi félagsins. Meiriháttar ráðstafanir skal hann þó alltaf bera undir aðalstjórn til synjunar eða samþykktar í samræmi við starfsreglur stjórnar á hverjum tíma.

Aðalstjórn hefur heimild til að skipa starfsnefndir um framkvæmd tiltekinna verkefna. Slíkar starfsnefndir skulu skipaðar að lágmarki einum stjórnarmanni og allar meiriháttar eða óvenjulegar ákvarðanir skulu bornir fyrir aðalstjórn til samþykktar eða synjunar.

Aðalstjórn er heimilt að veita heimild til stofnunar nýrrar deildar tímabundið en skal leggja slíka ákvörðun um stofnun fyrir næsta aðalfund til samþykktar eða synjunar.

Aðalstjórn samræmir starf og stýrir sameiginlegum málum deilda, skipuleggur sameiginlega þjónustu innan félagsins og annast upplýsingamiðlun. Aðalstjórn setur reglur um fjárreiður og meðferð fjármuna sem gerðar skulu opinberar á heimasíðu félagsins. Í slíkum reglum skal m.a. kveðið á hvers konar fjárskuldbindingar deilda skuli leggja til samþykktar hjá aðalstjórn. Einnig hefur aðalstjórn eftirlit með fjárhag deilda og annarra starfseininga félagsins.

Aðalstjórn skal tryggja að gerð séu ársfjórðungsleguppgjör aðalstjórnar og allra deilda. Gerð ársreikninga aðalstjórnar og deilda skal lokið með nægilegum fyrirvara fyrir aðalfund hverrar einingar. Rekstraráætlanir aðalstjórnar og deilda skulu liggja fyrir í upphafi starfsárs deilda og þær yfirfarnar og samþykktar af aðalstjórn.

Skrifstofa félagsins sér um færslu bókhalds, launaútreiknings og greiðslu launa fyrir allar deildir félagsins. Deildir skulu gera samning við aðalstjórn um þá þjónustu sem skrifstofa félagsins veitir. Aðalstjórn getur tilnefnt sérstakan tilsjónarmann sem kynnir sér fjárhag og stöðu deildar ef tilefni er til og kemur með tillögum til úrbóta ef þörf krefur. Hann getur lagt til að aðalstjórn yfirtaki stjórn deildar, ef tillögum til úrbóta er ekki sinnt að veittum ákveðnum fresti. Ef til

þess kemur þá skal aðalstjórn tilkynna slíkt skriflega til deildarstjórnar og um leið tekur aðalstjórn að fullu yfir vald deildarstjórnar. Að minnsta kosti 2/3 hluti aðalstjórnar skal vera samþykktur yfirtöku stjórnar deildar.

Aðalstjórn annast samskipti félagsins við stjórnvöld og önnur samtök með mál sem varða félagið allt.

Aðalstjórn ber að halda að minnsta kosti tvo fundi á ári sameiginlega með stjórnnum deilda til að ræða málefni sem tengjast starfi félagsins.

Aðalfundur deildar

8. grein* * *******

Aðalfundur deildar skal móta megin stefnu um starfsemi hennar. Aðalfundur deildar skal halda ár hvert eigi síðar en 15. apríl eða 15. nóvember eftir eðli starfseminnar. Aðalfundur skal boðaður með minnst tveggja vikna fyrirvara með tilkynningu á heimasíðu félagsins. Rétt til setu á aðalfundi eiga allir félagar viðkomandi deildar. Atkvæðisrétt hafa allir félagar 18 ára og eldri. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Allir félagar hafa rétt til að bjóða sig fram til setu í deildarstjórn. Skriflegu framboði skal skila til framkvæmdastjóra félagsins að lágmarki viku fyrir boðaðan aðalfund. Heimilt er að víkja frá þessari reglu, með samþykki aðalstjórnar, takist ekki að manna laus stjórnarsæti.

Formaður deildar setur aðalfund. Skal hann hefja dagskrá aðalfundar sem skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og ritara
2. Formaður leggur fram skýrslu deildar
3. Ársreikningur staðfestur af skoðunarmönnum lagður fram til samþykktar
4. Kosning formanns

5. Kosning stjórnarmanna
6. Umræða um málefni deildar og önnur mál

Á aðalfundi deildar ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Falli atkvæði jöfn ræður hlutkesti. Vanræki deild að halda aðalfund skal aðalstjórn boða til fundarins og annast framkvæmd hans. Hætti formaður störfum skal stjórn kjósa nýjan formann fram að næsta aðalfundi deildarinnar. Ef meirihluti stjórnar hættir störfum eða stjórn verður óstarfhæf af einhverjum ástæðum er heimilt að kalla til deildarfundar í því skyni að kjósa nýja stjórn. Skal boðun og framkvæmd fundar fara eftir sömu reglum og vegna aðalfundar deildar.

Deildarstjórn

9. gr.*****

Á milli aðalfunda sér deildarstjórn um starfsemi deildar. Í því felst m.a. að skipuleggja starf deildarinnar, skipa starfsnefndir hennar og hafa umsjón með framkvæmd starfsins. Deildum er heimilt að innheimta af félögum sínum æfingagjöld sem deildarstjórn ákveður.

Deildarstjórn skal skipta með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund deildar.

Deildarstjórn ber ábyrgð á útgjöldum, tekjuöflun og fjárreiðum deildar og að fylgt sé opinberum reglum og fyrirmælum aðalstjórnar um bókhald, endurskoðun, reikningsskil og meðferð fjármuna.

Slit félagsins

10. grein*****

Verði félagið lagt niður skulu eignir þess ganga til Kópavogsbæjar. Sé deild lögð niður ganga eigur hennar til aðalstjórnar.

Gildistaka

11. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla eldri lög úr gildi.

Samþykkt á aðalfundi 1997
** Samþykkt á aðalfundi 2003*
*** Samþykkt á aðalfundi 2004*
**** Samþykkt á aðalfundi 2008*
***** Samþykkt á aðalfundi 2013*
****** Samþykkt á aðalfundi 2015*
****** Samþykkt á aðalfundi 2017*
****** Samþykkt á aðalfundi 2018*
****** Samþykkt á aðalfundi 2019*

Reglugerð um heiðursveitingar

Reglur um heiðursveitingar voru samþykktar á aðalfundi Breiðabliks 1990 fyrir eftirfarandi flokka: Heiðursbliku, Gullbliku og Silfurbliku. Tilgangurinn með heiðursveitingum er að verðlauna þá einstaklinga sem um árabil hafa stuðlað að vexti og viðgangi félagsins eða deilda þess með sjálfböðastörfum, Einnig er heimilt að veita viðurkenningar þeim sem reynst hafa félaginu vel, með einum eða öðrum hætti.

Aðalstjórn skal skipa á aðalfundi 5 manna heiðursveitinganefnd sem fer yfir þær tilnefningar sem berast, tekur afstöðu til þeirra og gerir tillögur til aðalstjórnar. Framkvæmdastjóri félagsins er starfsmaður nefndarinnar. Tilnefningar skulu berast frá deildum félagsins eða félagsmönnum þess. Þá getur heiðursveitinganefnd að eigin frumkvæði lagt til viðurkenningar.

Skrifstofa félagsins skal óska eftir tilnefningum frá deildum eigi síðar en 3 vikum fyrir aðalfund eða aðra viðburði á vegum félagsins s.s., afmælishátíð.

Heimilt er að veita viðurkenningar á stórafmæli(50 ára eða eldri) félags- eða velgjörðamanns.

Allar tilnefningar skulu vera í samræmi við lög og reglur félagsins um silfur-, gull og heiðursbliku.

Tillögur heiðursveitinganefndar skulu lagðar fyrir Aðalstjórn. Aðalstjórn félagsins ákveður á stjórnarfundum, þar sem allir meðlimir hennar eru mættir hverjir skulu sæmdir heiðursviðurkenningum félagsins. Kosning heiðursblika verður að vera samhljóða

Listi yfir þá einstaklinga sem hlotið hafa viðurkenningar skal verða aðgengilegur á heimasíðu félagsins.

Bronsbliki*

Aðalfundur Breiðabliks haldinn 28. maí 1998, samþykkir að deildum félagsins verði heimilað að afhenda traustum félögum, sem starfað hafa í a.m.k. fjögur ár að málefnum félagsins, starfsmerki Breiðabliks, sem verði úr bronsi.

Silfurbliki

Silfurblikann má veita einstaklingum fyrir vel unnin störf í þágu félagsins eða einstakra deilda þess

Gullbliki

Gullblikann má veita einstaklingum sem hafa um langt skeið unnið mikið og framúrskarandi starf fyrir félagið eða einstaka deildir þess. Að jafnaði skal sá sem tilnefndur er til Gullblika hafa áður hlotið viðurkenningu Silfurblika.

Einnig er heimilt að veita einstaklingum Gullblika sem stutt hafa myndarlega við bak félagsins og/eða einstakra deilda þess um langt árabil.

Heiðursbliki

Heiðursblika, heiðursfélaga, má undir sérstökum kringumstæðum kjósa einstaklinga, 50 ára eða eldri, sem hafa unnið eftirtektarvert og framúrskarandi starf fyrir félagið um langan tíma. Heiðursbliki er fyrst og fremst viðurkenning fyrir félags- og sjálfböðaliðsstörf í þágu félagsins og eða deilda þess. Að jafnaði skal sá sem tilnefndur til Heiðursblika hafa áður hlotið viðurkenningu Gullblika Á hverjum aðalfundi skal aðalstjórn birta lista með nöfnum allra þeirra sem hlotið hafa viðurkenningar þessar.

Framkvæmdastjórn félagsins skipar fimm manna nefnd til heiðursveitinga skv. reglugerð þessari. Nefndin velur sér formann.**

Samþykkt á aðalfundi 1990

**Samþykkt á aðalfundi 1998*

***Samþykkt á aðalfundi 2016*

Reglugerð um veitingu bikara á aðalfundi Breiðabliks

Aðalstjórn Breiðabliks getur á aðalfundi félagsins og/eða á íþróttahátíð Breiðabliks veitt bikara til viðurkenningar á starfi innan deilda félagsins á síðasta starfsári. Bikararnir sem um ræðir eru farandbikarar og veittir til eins árs í senn.

Veita má eftirfarandi viðurkenningar á aðalfundi félagsins:

Deildarbikar

Er veittur einni af deildum félagsins. Við ákvörðun um veitingu skal tekið tillit til virkni starfs innan deildarinnar, nýliðunar, árangurs í keppni og fjárhagslegrar afkomu á síðasta starfsári (Íþróttahátíð Breiðabliks).

Þjálfarabikar

Er veittur þjálfara hjá einni af deildum félagsins. Við ákvörðun um veitingu skal tekið tillit til árangurs, hvort heldur um er að ræða hóp- eða einstaklingsíþróttagrein. Þá skal einnig litið til áhuga, menntunar og metnaðar (Íþróttahátíð Breiðabliks).

Afreksblikki - karlar

Veittur þeim karli sem náð hefur bestum árangri karla innan félagsins á síðasta starfsári (Íþróttahátíð Breiðabliks).

Afreksblikki - konur

Veittur þeirri konu sem náð hefur bestum árangri kvenna innan félagsins á síðasta starfsári (Íþróttahátíð Breiðabliks).

Afrekshópur Breiðabliks

Veittur því liði eða keppnishóp sem náð hefur bestum árangri hóps eða liðs innan félagsins á síðasta starfsári (Íþróttahátíð Breiðabliks).

Félagsmálabikar

Er veittur þeim einstaklingi sem sýnt hefur framúrskarandi dugnað og áhuga í starfi innan félagsins. Ákvörðun um veitingu félagsmálabikars taka síðustu þrír handhafar bikarsins hverju sinni (Aðalfundur Breiðabliks).

Samþykkt á aðalfundi 2016

Heiðursveitingar

Heiðursblikar			Gullblikar		
Nr.	Nafn	Ár	Nr.	Nafn	Ár
1	Baldur Kristjánsson	1980	1	Grétar Kristjánsson	1990
2	Gestur Guðmundsson	1980	2	Jón Ingi Ragnarsson	1990
3	Grímur Nordahl	1980	3	Steinar Lúðvíksson	1990
4	Guðmundur Guðmundsson	1980	4	Þorgerður Aðalsteinsóttir	1990
5	Valdimar Kr. Valdimarsson	1990	5	Jóhann Baldurs	1991
6	Guðmundur Óskarsson	1990	6	Sigurður Grétar Guðmundss.	1993
7	Hulda Pétursdóttir	1990	7	Þórður St. Guðmundsson	1995
8	Konráð Kristinsson	1995	8	Logi Kristjánsson	1996
9	Guðmundur Oddsson	2000	9	Ólína Sveinsdóttir	1997
10	Sigurður Geirdal	2000	10	Birna Guðmundsdóttir	2000
11	Steinar Lúðvíksson	2000	11	Einar Vilhjálmsson	2000
12	Þórður St. Guðmundsson	2000	12	Ester Jónsdóttir	2000
13	Gunnar I Birgisson	2001	13	Sóley Stefánsdóttir	2000
14	Logi Kristjánsson	2001	14	Kristinn Jóhannesson	2001
15	Jón Ingi Ragnarsson	2003	15	Sverrir D. Hauksson	2001
16	Guðmundur Þórðarson	2005	16	Valdimar Fr. Valdimarsson	2002
17	Kristín Jónsdóttir	2005	17	Guðmundur Benediktsson	2003
18	Magnús Jakobsson	2005	18	Magnús Jakobsson	2003
19	Grétar Svan Kristjánsson	2010	19	Páll Bjarnason	2003
20	Guðmundur Hjálmars Jónsson	2010	20	Kristján Jónatansson	2004
21	Gunnar Reynir Magnússon	2010	21	Guðmundur Jónsson	2005
22	Sigmundur Eiríksson	2010	22	Gunnar Steinn Pálsson	2005
23	Svanfríður María Guðjónsd.	2011	23	Hreinn Bergsveinsson	2005
24	Hafsteinn Jóhannesson	2011	24	Hreinn Jónsson	2005
25	Reynir Gísli Karlsson	2011	25	Valgerður Pálsdóttir	2005
26	Ármann J. Lárusson	2012	26	Ólafur Björnsson	2007
27	Þórir Hallgrímsson	2014	27	Alda Sveinsdóttir	2010
28	Sverrir Hauksson	2015	28	Andrés Pétursson	2010
29	Kristinn Jóhannesson	2015	29	Arndís Björnsdóttir	2010
30	Ólafur Björnsson	2017	30	Jóhannes Sveinbjörnsson	2010
31	Helgi Jóhannesson	2018	31	Þorsteinn Hilmarsson	2010
32	Andrés Pétursson	2020	32	Arnór Sigurðsson	2011
33	Ásta B. Gunnlaugsdóttir	2020	33	Ásta B. Gunnlaugsdóttir	2011
34	Indriði Jónsson	2020	34	Indriði Jónsson	2012
35	Kristján Jónatansson	2020	35	Sveinn Gíslason	2012
36	Pétur Ómar Ágústsson	2020	36	Einar Kristján Jónsson	2013
37	Böðvar Örn Sigurjónsson	2020	37	Guðni Stefánsson	2014
			38	Helgi Jóhannesson	2014
			39	Ólafur Sigtryggsson	2014
			40	Teitur Jónasson	2016
			41	Ásger Friðgeirsson	2017
			42	Ásgeir Friðþjófsson	2017

43	Karl Stefánsson	2017	23	Sóley Stefánsdóttir	1995
44	Magnús Skúlason	2017	24	Sverrir D. Hauksson	1995
45	Orri Hlöðversson	2017	25	Þorbergur Karlsson	1995
46	Pétur Ómar Ágústsson	2017	26	Eiríkur Jensson	1997
47	Böðvar Örn Sigurjónsson	2018	27	Ingibjörg Hinriksdóttir	1997
48	Egill Eiðsson	2018	28	Jón Björnsson	1997
49	Gunnar Snorrason	2018	29	Magnús Jakobsson	1997
50	Hannes Strange	2018	30	Þorsteinn Höskuldsson	1997
51	Steini Þorvaldsson	2018	31	Agnar Logi Axelsson	1998
52	Gunnar Snorrason	2018	32	Einar Sumarliðason	1998
53	Hannes Sigurbjörn Jónsson	2019	33	Haukur Hauksson	1998
54	Hákon Gunnarsson	2019	34	Páll Grétarsson	1998
55	Guðmundur Jóhann Jónsson	2019	35	Pálmi Gíslason	1998
56	Benedikt Guðmundsson	2020	36	Andrés Pétursson	1999
57	Guðmundur G. Sigurbergsson	2020	37	Guðmundur Jónsson	1999
58	Heiðar Bergmann Heiðarsson	2020	38	Halldór Jónsson	1999
59	Ingibjörg Hinriksdóttir	2020	39	Hreinn Jónasson	1999
60	Magnús Kr. Eyjólfsson	2020	40	Jóhann Árnason	1999
61	Magnús Árni Magnússon	2020	41	Ásta B. Gunnlaugsdóttir	2000
62	Sigurrós Þorgrímsdóttir	2020	42	Gunnar Snorrason	2000
63	Einar Sumarliðason	2020	43	Ólafur Björnsson	2000
64	Halla Garðarsdóttir	2020	44	Sighvatur Blöndahl á 50 ára	2000
65	Jón Magnússon	2020	45	Sveinbjörn Strandberg	2000
66	Marínó Öundurson	2020	46	Hannes Jónsson	2001
67	Viðar Bragi Þorsteinsson	2020	47	Jóhannes Sveinbjörnsson	2001
			48	Karl Stefánsson	2001
			49	Kjartan Ágústsson	2001
			50	Sveinn M. Árnason	2001
			51	Þorsteinn Hilmarsson	2001
			52	Ásdís Gísladóttir	2002
			53	Edda Valsdóttir	2002
			54	Egill Eiðsson	2002
			55	Gunnar Ragnarsson	2002
			56	Ingi Þór Hermannsson	2002
			57	Kristín Magnúsdóttir	2002
			58	Sigmundur Eiríksson	2002
			59	Atli Þórsson	2003
			60	Ástfríður Árnadóttir	2003
			61	Bjarni G. Þórmundsson	2003
			62	Einar Hauksson	2003
			63	Einar Pétursson	2003
			64	Guðmundur Björnsson	2003
			65	María Sigurðardóttir	2003
			66	Arnþór Sigurðsson	2004
			67	Böðvar Örn Sigurjónsson	2004
			68	Fanný Guðjónsdóttir	2004
			69	Guðbjörn Þór Ævarsson	2004
			70	Gylfi Freyr Gröndal	2004
			71	Heiðrún Alda Hansdóttir	2004
			72	Indriði Jónsson	2004
			73	Jóna Pálsdóttir	2004
			74	Kristján Hjálmar Ragnarsson	2004
			75	Sigurjón Sigurðsson	2004
			76	Ásgeir Magnússon	2005

Silfurblíkar

Nr.	Nafn	Ár
1	Ármann J. Lárusson	1990
2	Bára Eiríksdóttir	1990
3	Ester Jónsdóttir	1990
4	Guðmundur Þórðarson	1990
5	Hafsteinn Jóhannesson	1990
6	Konráð Kristinsson	1990
7	Kristinn Jóhannesson	1990
8	Sveinn Jóhannesson	1990
9	Guðmundur Oddsson	1991
10	Helga Jóhannsdóttir	1991
11	Júlíus Sigurbjörnsson	1991
12	Sigurjón Valdimarsson	1991
13	Guðmundur Benediktsson	1993
14	Gunnar Reynir Magnússon	1993
15	Hannes Alfonsson	1993
16	Páll Bjarnason	1993
17	Þorgerður Aðalsteinsdóttir	1993
18	Árni Guðmundsson	1995
19	Ásgeir Friðbjólfsson	1995
20	Birna Guðmundsdóttir	1995
21	Einar Vilhjálmsson	1995
22	Óttar B. Ellingsen	1995

77	Benedikt Guðmundsson	2005	131	Marinó Önundarson	2016
78	Einar Ingvarsson	2005	132	Guðmundur G. Sigurbergsson	2017
79	Guðrún Pétursdóttir	2005	133	Halla Garðarsdóttir	2017
80	Ingólfur Proppé	2005	134	Helgi Viðar Hallgrímsson	2017
81	Ingólfur Sigmundsson	2005	135	Hildur Grétarsdóttir	2017
82	Ólöf Guðmundsdóttir	2005	136	Ásgeir Baldurs	2018
83	Sveinn Gíslason	2005	137	Borghildur Sigurðardóttir	2018
84	Unnur Friðþjófsdóttir	2005	138	Eiríkur Mörk Valsson	2018
85	Þóra Úlfarsdóttir	2005	139	Halldór Arnarsson	2018
86	Ari Skúlason	2006	140	Kristján Gunnar Ríkharðsson	2018
87	Gísli Guðmundsson	2006	141	Margrét Skúladóttir Sigurðz	2018
88	Gylfi Sigurpálsson	2006	142	Björg Jónsdóttir	2019
89	Marteinn Sigurgeirsson	2006	143	Heimir Snær Jónsson	2019
90	Rúnar Andrew Jónsson	2006	144	Helga Jónsdóttir	2019
91	Kristjana Helgadóttir	2007	145	Óðinn Sörli Ágústsson	2019
92	Magnús Skúlason	2007	146	Ólafur Hrafn Ólafsson	2019
93	Ólafur Guðmundsson	2007	147	Sigríður Jóna Helgadóttir	2019
94	Steini Þorvaldsson	2007	148	Sóley Ægisdóttir	2019
95	Bjarni Sigurðsson	2008	149	Valgerður Helga Sigurðardóttir	2019
96	Hannes Strange	2008	150	Helga Jónsdóttir	2019
97	Helga Eyfeld	2008	151	Anna Sigríður Ásgeirsdóttir	2020
98	K. Bessa Harðardóttir	2008	152	Halldór Grétar Einarsson	2020
99	Kristjana Jóna Þorlákssdóttir	2008	153	Jón Sigurður Garðarsson	2020
100	Úlfhildur Haraldsdóttir	2008	154	Sigríður H. Kristjánsdóttir	2020
101	Hallgrímur Arnalds	2009	155	Sigrún Ída Óttarsdóttir	2020
102	Helgi Jóhannesson	2009	156	Sunna Guðmundsdóttir	2020
103	Kristín Rut Haraldsdóttir	2009			
104	Logi Sigurfinnson	2009			
105	Pétur Hrafn Sigurðsson	2009			
106	Örn Jónsson	2009	1981	Mfl. kv. í knattspyrnu	
107	Bára Gunnarsdóttir	2010	1982	2. fl. ka. í knattspyrnu	
108	Geir Sverrisson	2010	1983	Svanhildur Kristjónsdóttir, frjálsar	
109	Gísli Jón Árnason	2010	1984	Svanhildur Kristjónsdóttir, frjálsar	
110	Pétur Ómar Ágústsson	2010	1985	Ævar Þorsteinsson, karate	
111	Sigrún A. Gunnarsdóttir	2010	1986	Mfl. ka. í handknattleik	
112	Sigurður Ingi Hauksson	2010	1987	Sigurborg Gunnarsdóttir, blak	
113	Heiðar Bergmann Heiðarsson	2011	1988	3. fl. ka. í knattspyrnu	
114	Jón Magnússon	2011	1989	Helgi Jóhannesson, karate	
115	Jón Sævar Þórðarson	2011	1990	Guðrún Arnardóttir, frjálsar	
116	Stefán Jóhannsson	2011	1991	Mfl. kv. í knattspyrnu	
117	Trausti Þór Ósvaldsson	2011	1992	Birkir Rúnar Kristinsson, sund	
118	Örn Örlygsson	2011	1993	Ásta B. Gunnlaugsdóttir, knattspyrna	
119	Eyþór Ragnarsson	2012	1994	Mfl. kv. í knattspyrnu	
120	Gylfi Steinn Gunnarsson	2012	1995	Mfl. kv. í körfuknattleik	
121	Magnús Kr. Eyjólfsson	2012	1996	Mfl. kv. í knattspyrnu	
122	Magnús Valdimarsson	2013	1997	Mfl. kv. í knattspyrnu	
123	Stefán Ragnar Jónsson	2013	1998	Geir Sverrisson, frjálsar	
124	Arnór Heiðar Arnórsson	2014	1999	Harpa Dögg Kjartansdóttir, skíði	
125	Karl Ottó Schiöth	2014	2000	Margrét R. Ólafsdóttir, knattspyrna	
126	Viðar Bragi Þorsteinsson	2014	2001	Jón Arnar Magnússon, frjálsar	
127	Viktoría Gísladóttir	2014	2002	Sigurbjörg Ólafsdóttir, frjálsar	
128	Guðrún Kristjánsdóttir	2015	2003	Jón Arnar Magnússon, frjálsar	
129	Smári Rúnar Þorvaldsson	2015	2004	3. fl. kv. í knattspyrnu	
130	Eggert Baldvinsson	2016	2005	Mfl. kv. í knattspyrnu	
			2006	Kári Steinn Karlsson, frjálsar	
			2007	Arnar Grétarsson, knattspyrna	
			2008	Kári Steinn Karlsson, frjálsar	

Handhafar afreksbikars Breiðabliks frá 1981

- 2009 Mfl. ka. í knattspyrnu
- 2010 Mfl. ka. í knattspyrnu
- 2011 Kári Steinn Karlsson, frjalsar
- 2012 Auðunn Jónsson, kraftlyftingadeild
- 2013 Auðunn Jónsson, kraftlyftingadeild
- 2014 Viktor Ben Gestsson, kraftlyftingadeild
- 2015 Mfl. kv. í knattspyrnu
- 2016 Mfl. kv. í knattspyrnu
- 2017 Mfl. kv. í körfuknattleik
- 2018 Mfl. kv. í knattspyrnu
- 2019 Mfl. kv. í knattspyrnu

Afreksbliki konur

- 2016 Svana Katla Þorsteinsdóttir
- 2017 Fanndís Friðriksdóttir
- 2018 Agla María Albertsdóttir
- 2019 Berglind Björg Þorvaldsdóttir

Afreksbliki karlar

- 2016 Ingi Rúnar Kristinsson
- 2017 Sindri Hrafn Guðmundsson
- 2018 Ingvar Ómarsson
- 2019 Patrik Viggó Vilbergsson

Handhafar deildarbikars

Breiðabliks frá 1989

- 1989 Karatedeild
- 1990 Skíðadeild
- 1991 Knattspyrnudeild
- 1992 Körfuknattleiksdeild
- 1993 Frjálsíþróttadeild
- 1994 Handknattleiksdeild
- 1995 Skíðadeild
- 1996 Sunddeild
- 1997 Frjálsíþróttadeild
- 1998 Knattspyrnudeild
- 1999 Skíðadeild
- 2000 Knattspyrnudeild
- 2001 Körfuknattleiksdeild
- 2002 Karatedeild
- 2003 Frjálsíþróttadeild
- 2004 Skíðadeild
- 2005 Knattspyrnudeild
- 2006 Sunddeild
- 2007 Frjálsíþróttadeild
- 2008 Karatedeild
- 2009 Knattspyrnudeild
- 2010 Knattspyrnudeild
- 2011 Kraftlyftingadeild
- 2012 Sunddeild
- 2013 Frjálsíþróttadeild
- 2014 Knattspyrnudeild
- 2015 Körfuknattleiksdeild
- 2016 Skákdeild
- 2017 Karatedeild
- 2018 Hjólreiðadeild
- 2019 Taekwondodeild

Handhafar þjálfarabikars

Breiðabliks frá 1991

- 1991 Sigurður Hjörleifsson, körfuboltad.
- 1992 Guðjón Reynisson, knattspd.
- 1993 Jón S. Garðarsson, skíðadeild
- 1994 Vanda Sigurgeirsdóttir, knattspd.
- 1995 Anton Bjarnason, knattspd.
- 1996 Ásgeir Magnússon, skíðadeild
- 1997 Pétur Óli Einarsson, körfuknattleiksd.
- 1998 Jörundur Áki Sveinsson, knattspd.
- 1999 Egill Eiðsson, frjálsíþróttadeild
- 2000 Gylfi Freyr Gröndal, körfuknattleiksd.
- 2001 Úlfar Hinriksson, knattspyrnudeild
- 2002 Magnús Kr. Eyjólfsson, karatedeild
- 2003 Vilhjálmur Kári Haraldsson, knattspd.
- 2004 Erna Þorleifsdóttir, knattspd.
- 2005 Thomas Fjoldberg, körfuknattleiksdeild
- 2006 Jón Sævar Þórðarson, frjalsar
- 2007 Magnús Már Ólafsson, sunddeild
- 2008 Hákon Sverrisson, knattspyrnudeild
- 2009 Ólafur H. Kristjánsson, knattspyrnudeild
- 2010 Ólafur H. Kristjánsson, knattspyrnudeild
- 2011 Linda Björk Lárusdóttir, frjálsíþróttadeild
- 2012 Sverrir Óskarsson, knattspyrnudeild
- 2013 Vilhjálmur Þór Þóruson, karatedeild
- 2014 Sigurður Sveinn Nikulásson, skíðadeild
- 2015 Þorsteinn Halldórsson, knattspyrnudeild
- 2016 Helgi Jóhannesson, karatedeild
- 2017 Hlynur Örn Gissurarson, taekwondodeild
- 2018 Þorsteinn Halldórsson, knattspyrnudeild
- 2019 Kristófer Gautason, skákdeild

Handhafar félagsmálábikars

Breiðabliks frá 1970

- 1970 Steinar Lúðvíksson
- 1971 Magnús Jakobsson
- 1972 Gestur Guðmundsson
- 1973 Guðmundur Óskarsson
- 1974 Helga Kristjánsdóttir
- 1975 Þórir Hallgrímsson
- 1976 Valdimar K. Valdimarsson
- 1977 Gyða Stefánsdóttir
- 1978 Hafsteinn Jóhannesson
- 1979 Hulda Pétursdóttir
- 1980 Jón Ingi Ragnarsson
- 1981 Ásgeir Friðþjófsson
- 1982 Konráð Kristinsson
- 1983 Ólína Sveinsdóttir
- 1984 Helga Jóhannsdóttir
- 1985 Ester Jónsdóttir
- 1986 Jóhann Baldurs
- 1987 Kristinn Jóhannesson
- 1988 Þorbergur Karlsson
- 1989 Hildur Grétarsdóttir
- 1990 Sverrir D. Hauksson
- 1991 Óttar Ellingsen
- 1992 Eyþór Árnason
- 1993 Einar Vilhjálmsson
- 1994 Hreinn Jónasson

1995 Eiríkur Jensson
1996 Ingibjörg Hinriksdóttir
1997 Sveinn M. Arnason
1998 Hannes Jónsson
1999 María Sigurðardóttir
2000 Jóhannes Sveinbjörnsson
2001 Einar Pétursson
2002 Ástfríður Árnadóttir
2003 Indriði Jónsson
2004 Eggert Baldvinsson
2005 Hildur Ástþórsdóttir
2006 Úlfhildur Haraldsdóttir
2007 Einar Ingvarsson
2008 Andrés Pétursson
2009 Pétur Hrafn Sigurðsson
2010 Marínó Önundarson
2011 Jón Berg Torfason
2012 Helen Guðjónsdóttir
2013 Eiríkur Mörk Valsson
2014 María Fanndal Birkisdóttir
2015 Hannes Strange
2016 Hallgrímur Davíð Björnsson
2017 Halldór Grétar Einarsson
2018 Pétur Ómar Ágústsson
2019 Marteinn Sigurgeirsson

Handhafar prúðmennskubikars Breiðabliks frá 1975

1975 Björn Jónsson, handknattleikur
1976 Sigurjón Kristjánsson, knattspyrna
1977 Telma Björnsdóttir, frjálsar
1978 Margrét Sigurðardóttir, knattsp.
1979 Brynjar Björnsson, handknattleikur
1980 Sigurborg Gunnarsdóttir, blak
1981 Steinar Lúðvíksson, sund/skíði
1982 Ragnar Bjartmars, körfubolti
1983 Ólafur Björnsson, knattspyrna
1984 Hildur Grétarsdóttir, blak
1985 Sigurjón Valmundsson, frjálsar
1986 Jón Þórir Jónsson, knattsp./handkn.
1987 Guðmundur Hrafnkelsson, handkn.
1988 Sigurður E. Hjaltason, handkn.
1989 Guðrún Arnardóttir, frjálsar

Prúðmennskubikar hefur ekki verið veittur frá 1990.

Árið sem nefnt er, er árið sem viðurkenningin er veitt fyrir.

Bikararnir eru afhentir á aðalfundi (í maí) árið á eftir.

Skýrsla Aðalstjórnar 2020 - 2021



*Sveinn Gíslason
formaður*



*Halla Garðarsdóttir
varaformaður*



*Guðmundur Sigurbergsson
gjaldkeri*



*Þórolfur Heiðar
Þorsteinsson
ritari*



*Asgeir Baldurs
meðstjórnandi*



*Aðalheiður María
Vigfúsdóttir
meðstjórnandi*



*Björgvin Gestsson
meðstjórnandi*



*Eysteinn Pétur Lárusson
frankvæmdastjóri*

Síðasta ár var mjög sérstakt ár sem markaðist af COVID heimsfaraldrinum. Faraldurinn hafði mikil áhrif á allt okkar starf. Mér liggur við að segja að það hafi jaðrað við kraftaverk að Breiðablik eins stórt íþróttafélag sem það er á flesta alla mælikvarða, hafi náð að halda úti jafn öflugum og góðu starfi og raun bar vitni. Þetta hefði ekki tekist nema fyrir gott skipulag okkar frábæra starfsfólks og okkar góðu þjálfara. Ég tel því rétt hér í upphafi míns máls að þakka þessum aðilum sérstaklega fyrir gott starf á síðasta ári, þá má að sjálfsögðu ekki gleyma þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem ávallt eru tilbúnir að leggja hönd á plóg. En það að láta þetta allt saman ganga upp var mjög vel gert. Takk fyrir það. Þessum faraldri er auðvitað hvergi nærri lokið og við enn að glíma við erfiðar og krefjandi aðstæður.

Breiðablik er félag þar sem hægt að stunda fjölbreyttar íþróttir fyrir alla aldurshópa. Við bjóðum upp á frjálsar íþróttir, hjólreiðar, karate, knattspyrnu, kraftlyftingar, körfubolta, skák, skíði, sund, taekwondo auk þríþrautar, auk þessara svokölluðu hefðbundnu íþróttar eru við með öflugan hlaupahóp, við bjóðum upp á sér íþróttir fyrir eldri borgara og þá erum við með íþróttaskóla fyrir yngstu kynslóðina. Þá erum við einnig að skoða alvarlega að fara að bjóða upp á rafíþróttir. Persónulega hef ég átt smá erfitt með að meðtaka það að tölvuleikir geti verið íþrótt en sá ágæti maður dr. Viðar Halldórsson sem hefur unnið mikið fyrir okkur Blika m.a. við að móta Kyndilinn, benti okkur réttilega á að samkvæmt lögum félagsins er það okkar hlutverk að gefa félagsmönnum tækifæri til að iðka íþróttir og hvers konar félags- og tólmundastarfsemi.

Rafíþrótt er sannarlega tómsundarstarfsemi og í því ljósi þá fellur það undir okkar regnhlíf, við þurfum því ekki að þrasa um það hvort rafíþróttir sé íþrótt að ekki. Þessi starfsemi fellur sannarlega undir okkar hlutverk samkvæmt lögum Breiðabliks.

Breiðablik er og á að vera samfélag fólks, íþróttafólks en ekki síður stuðningsmanna, fólkið sem mætir á íþróttaviðburði og kappleiki, mætir í getraunakaffi og fleiri viðburði sem félagið er að standa fyrir. Okkur ber að sinna þessu samfélagi okkur, gera það betra og skemmtilegra.

Það má því með sanni segja að Breiðablik sé veigamikill þáttur í lífi okkar allra.

Íþróttaiðkun er að verða almennari, við stundum íþróttir alla ævi. Holl hreyfing er kannski eitt allra stærsta lýðheilsuáhrif samfélagsins. Framtíðaruppbygging á aðstöðu félagsins þarf að taka mið af þessu.

Við þurfum að bæta aðstöðu fyrir styrktarþjálfun, það vantar betri aðstöðu til að halda utan um hið geysi öflugan félagsstarf okkar. Í þessu ljósi horfum við til gömlu stúkunnar við austanverðan Kópavogs-völl. Sú bygging er ónýtt og engum til sóma eins og hún er í dag. Draumur okkar er að á þeirri lóð muni rísa glæsilegt fjölnota íþrótt- og félagsaðstöðuhús. Við þurfum að vinna í því að það verði að veruleika.

Aðstöðumál félagsins eru eitt af allra mikilvægustu verkefnum aðalstjórna félagsins hverju sinni. Þessi mál bíða því nýrrar stjórnar. Ég mun gera það að tillögu minni að fyrsta fundi nýkjörinnar aðalstjórnar, fái ég kosningu hér á eftir, leggja til að aðalstjórn skipi starfshóp til að vinna að uppbyggingu aðstöðumála félagsins.

Fjárhagsstaða félagsins er traust og skiluðu flestar deildir hagnaði á síðasta rekstrarári. Það verður að teljast vel gert þar sem síðasta árs litaðist mjög að COVID. Við höfum sýnst skynsemi í okkar rekstri. Heimsfaraldri er ekki lokið og því nauðsynlegt að gæta aðhalds. Ég hef sagt áður og segi einnig nú að án góðrar fjárhagsstöðu er nánast ómögulegt að halda úti öflugum íþróttastarfi þegar til lengdar er litið.

Hér verður farið lauslega yfir helstu verkefni aðalstjórnar á liðnu rekstrarári

Fundahöld

Fundir aðalstjórnar

Á starfsárinu hélt aðalstjórn félagsins 12 fundi. Á síðasta aðalfundi voru eftirtaldir kosnir í aðalstjórn félagsins:

Sveinn Gíslason, formaður
Halla Garðarsdóttir, varaformaður,
Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri,
Þórólfur Heiðar Þorsteinsson, ritari,
Björgvin Gestsson, meðstjórnandi,
Steini Þorvaldsson, meðstjórnandi,
Ásgeir Baldurs, meðstjórnandi,

Eysteinn P. Lárusson, framkvæmdastjóri félagsins, undirbjó fundi og sat þá. Góður andi einkenni störf stjórnarmanna sem allir sinntu starfi sínu af ábyrgð og festu

Deildastjórnarfundir

Samkvæmt lögum félagsins skal aðalstjórn halda sameiginlega fundi með stjórnnum deilda til að ræða málefni sem tengjast starfi félagsins.

Einn deildastjórnarfundur var haldinn á starfsárinu og var hann haldinn þann 15. desember 2020 í veitingasalnum í Smáranum.

Meginefni fundarins voru:

- Dr. Viðar kynnti þá vinnu sem hann hefur verið að vinna fyrir knattspyrnu deild Breiðabliks s.l. ár sem ætlunin er að

heimfæra yfir á allar deildir félagsins. Verkefnið nefnist Kyndillinn og er nokkurs konar leiðarvísir fyrir félagið.

- Rætt var um fyrirkomulag íþróttahátíðarinnar og með hvaða hætti hún verður haldin á tímum Covid 19.
- Rætt um úrræði ríkisstjórnarinnar til handa íþróttafélögunum vegna Covid 19.
- Önnur praktísk mál er varðar deildir, æfingagjöld ofl.

Heiðursviðurkenningar

Heiðursnafnbótina Heiðursbliki fengu eftirtaldir:

Böðvar Örn Sigurjónsson, fékk afhent á heimili sínu 31.12.2020.

Pétur Ómar Ágústsson, á aðalfundi félagsins

Heiðursnafnbótina Gullbliki fengu eftirtaldir:

Halla Gardarsdóttir, á aðalfundi félagsins

Jón Magnússon, á aðalfundi félagsins

Marinó Önundarson, á aðalfundi félagsins

Viðar Bragi Þorsteinsson, á aðalfundi félagsins

Heiðursnafnbótina Silfurbliki fengu eftirtaldir:

Anna Sigríður Ásgeirsdóttir, á aðalfundi félagsins

Halldór Grétar Einarsson, á aðalfundi félagsins

Jón Sigurður Gardarsson, á aðalfundi félagsins

Sigríður Halldóra Kristjánsdóttir, á aðalfundi félagsins

Sigrún Ída Óttarsdóttir, á aðalfundi félagsins

Sunna Guðmundsdóttir, á aðalfundi félagsins

Ýmis verkefni

Aðstöðumál deilda

Eitt megin hlutverk Aðalstjórnar er að stuðla að góðri aðstöðu til íþróttaiðkunar. Það hlutverk er bæði snúið og flókið vegna þess að Aðalstjórn hefur ekkert fjárveitingarvald. En Aðalstjórn getur haft áhrifavald. Það er því ljóst að á herðum nýjar Aðalstjórnar hvílir sú skilda að knýja á um bættu aðstöðu nú þegar styttist í bæjarstjórnarkosningar. Það er ljóst að skóinn kreppir víða en nefna má innanhússaðstöðu í frjálsum íþróttum sem og aðstöðu fyrir taekwondodeild félagsins sem og karatedeildina sem notar að stórum hluta veislusal félagsins undir sína starfssemi og þarf oftast ekki að víkja fyrir öðru félagsstarf innan félagsins. Þá hefur kraftlyftingadeildin verið með sína aðstöðu í gluggalausum og þröngu rými á jarðhæðinni í stúkunni en lyftingar- og styrktarþjálfunaraðstaða fyrir allar deildir félagsins er í dag afar bágborin. Þá má benda á að Skákdeildin er í örum vexti sem nýtir í dag glersalinn í stúkunni á Kópavogsvelli. Með aukinni notkun á vellinum og fjölgun á viðburðum þar þarf að skoða vel hvaða framtíðarlausn gæti nýst skákdeildinni best. Skíðadeild félagsins er með sína aðstöðu í Bláfjöllum og bíðum við ennþá eftir að eitthvað sé að gerast í aðstöðumálum Bláfjallasvæðisins.

Við teljum því að nýtt fjölnota hús á lóð gömlu stúkunnar myndi leysa mikið í þessum efnum og einsog fyrir segir ætlum að setja þá framkvæmd á dagskrá.

Árþing UMSK

97. árþing UMSK fór fram rafrænt þann 25. febrúar síðastliðinn og sendum við hjá Breiðablik fullskipað

lið á fundinn. Margir Blikar hlutu -
viðurkenningar á þinginu:

Íþróttakarlfélagið UMSK – Arnar Pétursson
Breiðabliki

Íþróttakona UMSK – Karen Sif
Ársælsdóttir Breiðabliki

Lið ársins – Kvinnalið Breiðabliks í
knattspyrnu

Eiríkur Mörk Valsson hlaut
Silfurmerki ÍSÍ

Guðmundur Sigurbergsson hlaut
starfsmerki UMSK

Íþróttakona UMSK:

Berglind Björg Þorvaldsdóttir
(Knattspyrna)

Þá var Guðmundur Sigurbergsson
kjörinn nýr formaður UMSK en fyrir í
stjórn er Halla Garðarsdóttir.

Samráðsvettvangur íþróttafélaga í Kópavogi (SÍK)

Ársþing SÍK verður haldið 8. júní n.k.
en þá verður kosið um 3 nýja
stjórnarmenn. Fundir hafa verið haldnir
4-6 vikna fresti og hafa gengið vel.
Fulltrúar Breiðabliks í stjórn SÍK hafa
verið tveir, þeir Guðmundur
Sigurbergsson, gjaldkeri aðalstjórnar
Breiðabliks og Eysteinn Pétur
Lárusson framkvæmdastjóri
Breiðabliks sem hefur gegnt stöðu
formanns SÍK.

Afrekssvið MK

Vel hefur gengið hjá afrekssviði MK
en farið var af stað með þetta
samstarfsverkefni stóru félaganna
þriggja í Kópavogi haustið 2019.
Ásókn á afrekssviðið hefur aukist jafnt
og þétt og nú er svo komið að
afrekssviðið í MK á haustönn 2021
verður eitt það fjölmennasta af þeim
framhaldsskólum sem bjóða uppá
sambærilegt afreksnám.

Íþróttaveisla í Kópavogi

Það gengur erfiðlega að halda
íþróttaveisluna en henni var frestað
öðru sinni árið 2021 og er stefnt að því
að halda íþróttaveisluna sumarið 2022.

Heilsuefning eldri borgara

Í lok árs 2019 fengu Breiðablik, HK og
Gerpla styrk frá Kópavogsbæ til að
fara af stað með verkefnið Heilsuefning
eldri borgara í Kópavogi. Verkefnið er
samstarfsverkefni félaganna þriggja
ásamt UMSK og HR. Verkefnið fór af
stað með kynningum vorið 2020 og var
Eva Katrín Friðgeirsdóttir,
íþróttifræðingur ráðin til að halda utan
um verkefnið. Skemmst er frá því að
segja að rúmlega 250 manns skráðu sig
í verkefnið sem fór fram úr okkar
björtustu vonum. En í ljósi stöðu
faraldursins (Covid 19) hér á landi
hefur verkefnið ekki náð því flugi sem
við ætluðum okkur þó svo að æfingum
sé haldið úti. Við bindum hins vegar
miklar vonir með að hefja leik án
takmarkana frá og með haustinu 2021.

Áramótabrennan

Vegna Covid 19 þurfti því miður að
aflýsa brennunni þetta árið.

Íþróttahátíð Breiðabliks

Íþróttahátíð Breiðabliks var haldin í
annað sinn með nýju sniði þann 28.
janúar 2021 og heppnaðist mjög vel.
Vegna Covid 19 var viðburðurinn
lokaður og mætti því aðeins
íþróttafólki á staðinn sem hlaut
viðurkenningar ásamt starfsfólki
félagsins. Þá var hátíðinni streymt
beint á Blikar-Tv.
Á hátíðinni var íþróttafólkinu okkar
sem skarað hafði fram á árinu 2020
veittar viðurkenningar. Einnig voru
Deildarbikarinn og Þjálfarabikarinn
afhentir sem og sérstakar
viðurkenningar voru veittar til
Afrekskarls, Afrekskonu og
Afrekshóps Breiðabliks.

Vegna ástandsins sem nú ríkir var viðburðurinn lokaður og mætti því aðeins íþróttafólkið á

Þau sem hlutu viðurkenningu voru eftirfarandi

Deildarbikar - Frjálsíþróttadeild

Þjálfarabikar - Þorsteinn Halldórsson

Afrekskarl Breiðabliks - Arnar Pétursson

Afrekskona Breiðabliks - Karen Sif Ársælsdóttir

Afreksmaður Breiðabliks - Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu

Íþróttakarlar körfuknattleiksdeildar - Árni Elmar Hrafnsson

Íþróttakona körfuknattleiksdeildar - Isabella Ósk Sigurðardóttir

Íþróttakarlar frjálsíþróttadeildar - Arnar Pétursson

Íþróttakona frjálsíþróttadeildar - Karen Sif Ársælsdóttir

Íþróttakona karlar Hjólreiðadeildar - Ingvar Ómarsson

Íþróttakona Hjólreiðadeildar - Hrefna Sigurbjörg Jóhannsdóttir

Íþróttakarlar Hlaupahóps Breiðabliks - Óskar Karlsson

Íþróttakona Hlaupahóps Breiðabliks - Sigríður Rúna Þóroddsdóttir

Íþróttamaður Karatedeildar Breiðabliks - Tómas Pálmar

Karatedeild tilnefndi enga konu í ár.

Íþróttakarlar knattspyrnudeildar Breiðabliks - Viktor Karl Einarsson

Íþróttakona Knattspyrnudeildar Breiðabliks - Sonny Lára Þráinsdóttir

Íþróttakarlar Kraftlyftingadeildar Breiðabliks - Guðfinnur Snær Magnússon

Íþróttakona Kraftlyftingadeild Breiðabliks - Sóley Margrét Jónsdóttir

Íþróttakarlar Skákdeildar - Arnar Milutin Heiðarsson

Skákdeildin tilnefndi enga konu í ár.

Íþróttakarlar Sunddeildar Breiðabliks - Patrik Viggó Vilbergsson

Íþróttakona Sunddeildar Breiðabliks - Kristin Helga Hákonardóttir

Íþróttakarlar Þríþrautardeildar Breiðabliks - Sigurður Örn Ragnarsson.

Íþróttakona Þríþrautardeildar Breiðabliks - Guðlaug Edda Hannesdóttir.

Rekstur og fjármál

Rekstarniðurstaða Breiðabliks í heild var jákvæð á árinu 2020. Rekstur Aðalstjórnar var sem fyrr traustur og stöðugur en hagnaður var á rekstri flestra deilda félagsins á síðasta starfsári.

Þrátt fyrir mjög krefjandi rekstarskilyrði tókst okkur að skil rekstri félagsins jákvæðum. Það er langt frá því að vera sjálfgefið. Fjármálastjórn félagsins er til fyrirmyndar og rétt hér við þessar aðstæður að þakka stjórnarmönnum deilda en ekki síður fjármálastjóra og framkvæmdastjóra Breiðabliks fyrir vel unnin störf í þeim efnum.

Samanlagðar skuldir félagsins eru vel innan við ásættanleg mörk og peningaleg staða félagsins jákvæð. Félagið er að standa við allar sínar skuldbindingar, þannig hefur það verið og mjög mikilvægt að tryggt sé að þannig verði það um ókomin ár.

Lokaorð

Ég vil að lokum þakka öllum þeim sem komið hafa að starfi Breiðabliks á sl. rekstrarári fyrir vel unnin störf. Breiðablik er öflugt félag, það er ekki sjálfgefið og gerist ekki nema með mikilli og óeigingjarnri vinnu fjölmargra. Ég vil því nota þetta tækifæri til að þakka þeim fjölmörgu sem hafa komið að starfi félagsins sem og okkar frábæra starfsfólki. Öllu

þessu frábæra fólki vil ég þakka ómetanlegt starf.

Þá vil ég þakka meðstjórnendum mínum í aðalstjórn fyrir gott samstarf á liðnu rekstrarári.

Áfram Breiðablik.
Sveinn Gíslason,
formaður aðalstjórnar

Skýrsla Íþróttaskóla 2020 – 2021



Íþróttaskóli Breiðabliks fyrir 2-5 ára börn var starfandi í vetur með hefðbundnu sniði. Um 100-150 börn mættu á laugardagsmorgnum í vetur. Það var afar ánægjulegt að sjá þessa góðu mætingu og sýnir að starfið fellur í góðan jarðveg bæði hjá börnum og foreldrum.

Íþróttaskólinn er tilvalinn vettvangur til að undirbúa börn á þessum aldri fyrir hinar hefðbundnu íþróttagreinar með því að skapa þeim tækifæri til náms í hreyfi- og íþróttalíkum leikjum. Áhersluþættir í starfinu eru fyrst og fremst að börnin upplifi jákvæð kynni af markvissri hreyfingu ásamt því að þjálfa samhæfingu líkamans og efla samskipti. Skólinn hefur verið starfræktur frá árinu 1994 og hefur ávallt verið lagður mikill metnaður í að hafa menntaða og/eða reynslumikla kennara. Aðalsteinn Jónsson íþróttakennari, sem hefur séð um íþróttaskólann síðastliðin 25 ár og Daði Rúnar Jónsson, sem hefur mikla reynslu af þjálfun og umsjón íþróttaskóla, sáu um íþróttaskólann í vetur ásamt öflugum leiðbeinendum. Skólinn hélt úti Facebooksíðu þar sem foreldrar og aðrir áhugasamir gátu nálgast upplýsingar varðandi starfið.

Fjöldi fylgjanda Facebook síðunnar fjölgaði úr 650 í 800 á árinu. Heimsfaraldurinn hafi sín áhrif á Íþróttaskólann eins og flest allt annað í samfélaginu. Til dæmis þurfti að falla frá því að fá Íþróttarálfinn í heimsókn eins og undanfarin ár og var ekki hægt að gleða börnin með gjöfum frá styrktaraðilum Íþróttaskólans. Fjöldatakmörkanir voru settar sem settu strik í reikninginn. Brugðið var á það ráð að tvískipta Smáranum í tvö sóttvarnarhólf, opna tvo innganga og tímum var fjölgað svo hægt væri að taka við fleiri börnum. Þetta Covid-fyrirkomulag gekk vonum framár og lögðust allir á eitt að láta íþróttaskólann ganga upp. Forráðamönnum var boðið uppá að kaupa bæði 5 og 10 tíma klippikort. Það fyrirkomulag naut mikilla vinsælda og börnin gátu því hagað sinni íþróttaiðkun eftir hentugleika.

Starfsfólk íþróttaskólans er sammála um að kennslan hafi gengið afar vel í vetur. Aðstaðan er frábær og gott úrval áhalda en betur má ef duga skal.

Starfsfólk Íþróttaskólans þakkar aðalstjórn og starfsfólki Breiðabliks fyrir gott samstarf á liðnum vetri.

Eldri borgara leikfimin 2020 – 2021



Þjálfun eldri borgara 2020.

Heimsfaraldurinn réð ferðinni í þjálfun eldri borgara árið 2020 og gerir enn.

Við höfum fylgt fyrirmælum yfirvalda með þeim afleiðingum að allan stöðugleika hefur vantað í þjálfunina. Hópurinn hefur sýnt mikla þolinmæði og skilning á ástandinu og reynt að gera gott úr hlutunum og hreyfa sig hver í sínu lagi. Þá hefur settum sóttvarnareglum ávalt verið fylgt út í æsar.

Nú sýnist okkur vera að birta til og bjartsýni er að aukast. Hópurinn er fullbólusettur og þátttaka á æfingum eykst. Þessi leiktíð verður klárað með stæl og við hlökkum til að byrja þá næstu sem vonandi verður með hefðbundnu sniði.

kveðja,

Jón Sævar Þórðarson þjálfari.

Skýrsla Getraunanevndar 2020 – 2021

Getraunastarf félagsins var með svipuðu sniði og undanfarin ár og. Á laugardögum mæta Blikar á milli kl. 10 og 12 í tengibygginguna og reyna sig við getraunaseðilinn, Það var sami hópur sem sá um starfið og verið hefur undanfarin ár eða þeir Halldór Arnarsson, Björgvin Ingason, og Sigurjón Sigurjónsson. Marínó Öundurson kom síðan nokkrum sinnum inn af bekknum og nýtti sín tækifæri einstaklega vel þannig að eftir var tekið. Guðbjörg Hinriksdóttir sá síðan um veitingarnar eins og henni einni er lagið.

Það má segja að nýliðun í laugardagshópnum hafi ekki verið mjög mikil á síðustu árum en það væri gaman að geta stækkað hann enda ágætis morgunstud sem fólk á þarna saman. Fífan er hjartað í félaginu yfir vetrartímam og mjög oft eru leikir hjá meistaraflokkunum á sama tíma og getraunakaffið er þannig að það á að

vera hægt að efla þetta enn frekar með samstilltu átaki. Vonandi náum við að blása í herlúðra á næsta misseri og náum að fjölga þátttakendum enda er getraunastarfið mikilvæg fjáröflun fyrir félagið.

Veturinn í vetur varð þó nokkuð endaslepptur oft voru fáir leikir til að tippa á og ekki var fólki lofað að koma saman vegna lokanna og samkomutakmarkana. Getraunakaffið dó ekki ráðalaust og réðst í skemmtilega útfærslu í samstarfi við BlikarTV. Getraunakaffið fékk til sín tvo góða gesti sem fóru yfir þá leikina í beinni á BlikarTV.

Núna er farið að nýju að gefa út getraunaseðla og þá er um að gera fyrir alla sem vettlingi geta valdið að reyna sig við tippið og muna eftir að merkja við **getraunanúmerið okkar 200**.

F.h. Getraunanevndar,
Halldór Arnarsson

**Samstæðureikningur Breiðabliks
og
Ársreikningur Aðalstjórnar
2020**

Áritun stjórnar


Stjórn Breiðabliks ungmennafélags, staðfestir ársreikning þennan fyrir árið 2020 með áritun sinni:



Sveinn Gíslason
formaður



Halla Garðarsdóttir
varaformaður



Guðmundur Sigurbergsson
gjaldkeri



Þórolfur Heiðar Þorsteinsson
ritari



Ásgeir Baldursson
meðstjórnandi



Björgvin Gestsson
meðstjórnandi



Aðalheiður María Vigfúsdóttir
meðstjórnandi



Eysteinn Pétur Lárusson
frankvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna Ungmennafélagsins Breiðabliks

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ungmennafélagsins Breiðabliks („félagið“) fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymisýfirlit.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notanda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortrvægni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 4. maí 2021

Endurskoðun VSK ehf.



Svavar G. Stefánsson
Löggiltur endurskoðandi



Jón Þ. Hilmarsson
Löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2020

	2020	2019
Rekstrartekjur:		
Framlög til reksturs mannvirkja.....	134.380.431	112.326.446
Styrkir frá Kópavogsbæ	12.473.833	11.993.104
Styrkur vegna afnota íþróttamannvirkja.....	501.513.783	474.335.684
Aðrir styrkir og framlög.....	73.691.683	63.190.870
Leigutekjur	5.643.738	8.464.343
Auglýsingatekjur.....	27.192.102	28.808.547
Æfingagjöld.....	211.206.735	202.871.322
Aðrar tekjur	302.774.676	342.091.703
Rekstrartekjur	1.268.876.981	1.244.082.019
Rekstrargjöld:		
Laun og tengd gjöld.....	509.502.839	509.377.761
Rekstur mannvirkja.....	15.876.246	19.205.216
Leiga íþróttamannvirkja.....	501.513.783	474.338.448
Búningar og íþróttáhöld.....	24.720.700	16.500.246
Pátttaka í mótum.....	72.245.803	97.095.626
Önnur gjöld.....	106.364.824	96.224.578
Afskriftir.....	8.030.303	5.349.162
Rekstrargjöld	1.238.254.498	1.218.091.037
Hagnaður / (tap) af rekstri án vaxta.....	30.622.483	25.990.982
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur og verðbætur.....	423.801	1.887.427
Vaxtagjöld og verðbætur.....	5.595.628	(1.792.688)
Tapaðar viðskiptakröfur.....	0	(2.111.768)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6.019.429	(2.017.029)
Hagnaður ársins.....	36.641.912	23.973.953

Efnahagsreikningur

	2020	2019
Peningalegar eignir og skuldir		
Veltufjármunir:		
Handbært fé.....	184.347.029	142.065.666
Fyrirframgreiddur kostnaður og birgðir.....	4.779.000	3.697.000
Útistandandi kröfur.....	40.196.773	32.460.083
Veltufjármunir alls	229.322.802	178.222.749
Skammtímaskuldir:		
Ýmsar skuldir.....	78.032.073	58.273.520
Óhafnar tekjur.....	54.590.954	68.255.002
	132.623.027	126.528.522
Hreint veltufé	96.699.775	51.694.227
Peningaleg staða	96.699.775	51.694.227
Aðrir efnahagsliðir		
Fastafjármunir frá fyrra ári.....	87.902.159	71.128.926
Keypt á árinu.....	0	19.347.395
Afskrifað á árinu.....	(8.030.303)	(5.349.162)
Breyting á árinu.....	8.966.667	2.775.000
	88.838.523	87.902.159
Eigið fé frá fyrra ári.....	(139.596.388)	(114.622.435)
Eignfærð leikmannakaup.....	(9.300.000)	(1.000.000)
Rekstur ársins tap / (hagnaður).....	(36.641.912)	(23.973.953)
	(185.538.300)	(139.596.388)
Aðrir efnahagsliðir nettó	(96.699.775)	(51.694.227)
Breytingar á peningalegri stöðu		
Staða jákvæð (neikvæð) í upphafi árs.....	51.694.227	43.493.507
Fjárfesting á árinu.....	333.333	(21.122.395)
Rekstur tímabilsins án afskrifta fastafjármuna.....	44.672.215	29.323.115
Peningaleg staða í lok reikningstímabils	96.699.775	51.694.227

Sjóðstreymi 2020

	2020	2019
Handbært fé frá rekstri		
Hreint veltufé frá reglulegri starfsemi:		
Hagnaður af reglulegri starfsemi	36.641.912	23.973.953
Reiknaðir liðir í rekstrarreikningi:		
Fyrningar	8.030.303	5.349.162
Hreint veltufé af reglulegri starfsemi	44.672.215	29.323.115
Breytingar innan hreins veltufjár:		
Viðskiptakröfur, lækkun (hækkun)	(7.736.690)	12.749.038
Birgðir, lækkun (hækkun)	(1.082.000)	(153.000)
Skammtímaskuldir vegna rekstrar, (lækkun) hækkun	6.094.505	36.397.737
Handbært fé frá rekstri	41.948.030	78.316.890
Fjármagnshreyfingar		
Fjárfesting / selt á árinu	333.333	(21.122.395)
	333.333	(21.122.395)
Breyting á handbæru fé á árinu	42.281.363	57.194.495
Handbært fé í ársbyrjun	142.065.666	84.871.172
Handbært fé í árslok	184.347.029	142.065.666

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur fyrra árs. Gerð eru samstæðureikningsskil fyrir aðalstjórn og deildir. Í samstæðuuppgjöri hefur eignum og skuldum og tekjum og gjöldum innan samstæðunnar verið eytt.

Birgðir

2. Birgðir í árslok skiptast í birgðir vöru til endursölu, rekstrarvöru og búninga. Birgðirnar eru staðfestar með talningu og tekið hefur verið hæfilegt tillit til úreltra og gallaðra vara.

Áfallinn og fyrirframgreiddur kostnaður

3. Áfallinn og fyrirframgreiddur kostnaður í árslok hefur verið færður í rekstrar- og efnahagsreikning.

Útistandandi kröfur

4. Kröfur í árslok nema samtals kr. 40.197 þús. og hafa kröfur í árslok verið færðar niður vegna hugsanlegra vanhalds. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá útistandandi kröfum í efnahagsreikningi.

Innlausn tekna

5. Tekjur ársins eru miðaðar við almanaksárið og eru styrktarsamningar til lengri tíma en eins árs færðir í efnahagsreikning og tekjufærðir samkvæmt ákvæðum samninga eftir því hvenær tekjurnar falla til. Æfingagjöld eru lotuð miðað við áramót í frjálsíþróttadeild, körfuknattleiksdeild, knattspyrnudeild og skíðadeild.

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð

Vátryggingaverð fasteigna í þús. kr.:

	Vátryggingaverð	Fasteignamat
Smárinn, félagsaðstaða.....	205.800	79.700
Skíðaskáli, 40% eignarhlutdeild	54.380	46.620

7. Sundurliðun einstakra rekstrarliða fylgir rekstrarreikningum deilda.

Rekstrarreikningar deilda árið 2020

	Aðalstjórn	Frjálsar	Hjólreiðar	Karate	Knattspyrna	Krafftlyftingar	Karfa	Skák	Skíði	Sund	Taekwondo	Prífraut	Leiðrétt milli deilda	Alls 2020
Tekjur	755.956.255	20.758.114	24.680.837	9.960.307	445.350.599	1.772.053	43.842.482	5.093.623	9.443.300	32.385.772	4.079.729	12.899.195	(77.345.285)	1.268.876.981
Gjöld	755.549.216	14.634.720	22.502.428	10.182.322	437.907.742	963.632	37.038.723	3.723.041	12.376.975	25.493.691	3.017.583	12.209.710	(77.345.285)	1.238.254.498
Hagnaður / (tap) fyrir vexti	407.039	6.123.394	2.178.409	(222.015)	7.442.857	808.421	6.803.759	1.370.582	(2.933.675)	6.892.081	1.062.146	689.485		30.622.483
Fjármagnslöðir	102.576	(2.602)	(4.814)	(5.094)	6.029.098	131	(20.592)	(298)	(20.366)	(52.306)	805	(7.109)		6.019.429
Hagnaður / (tap) ársins	509.615	6.120.792	2.173.595	(227.109)	13.471.955	808.552	6.783.167	1.370.284	(2.954.041)	6.839.775	1.062.951	682.376	0	36.641.912

ÁRITUN SKOÐUNARMANNA

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn ársreikninga Ungmennafélagsins Breiðabliks, höfum yfirfarið ársreikninga Aðalstjórnar og deilda fyrir árið 2020.

Við höfum farið yfir stöðu skuldunauta og lánardrottna í árslok 2020, stöðu bankareikninga í árslok, birgðir í árslok, eigna- og fyrningaskrá 2020 og greiðslur til lífeyrissjóða vegna ársins 2020.

Við höfum ekkert fundið athugavert og leggjum við til að ársreikningur Ungmennafélagsins Breiðabliks fyrir árið 2020 verði samþykktur.

Kópavogi 30-4-2021


Jóhann Geir Hardarson


Sigurjón Valdimarsson

Rekstrarreikningur 2020

	2020	2019
Rekstrartekjur:		
Framlög til rekstrar	134.380.431	112.326.446
Styrkir frá Kópavogsbæ	9.598.012	8.840.444
Styrkur vegna afnota íþróttamannvirkja.....	501.513.783	474.335.684
Leigutekjur	1.698.038	6.512.843
Auglýsingatekjur.....	16.885.990	16.528.547
Aðrar tekjur	71.880.001	75.212.190
Rekstrartekjur	735.956.255	693.756.154
Rekstrargjöld:		
Laun og tengd gjöld.....	105.839.933	117.154.321
Rekstur mannvirkja.....	15.876.246	19.205.216
Gjöld vegna afnota íþróttamannvirkja.....	501.513.783	474.338.448
Endurgreiddir styrkir til deilda	69.392.570	52.100.665
Önnur gjöld.....	35.933.263	28.538.803
Afskriftir.....	6.993.421	4.312.280
Rekstrargjöld	735.549.216	695.649.733
Hagnaður/(tap) af rekstri án vaxta.....	407.039	(1.893.579)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur og verðbætur.....	313.717	3.796.029
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(211.141)	(511.268)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	102.576	3.284.761
Hagnaður ársins.....	509.615	1.391.182

Efnahagsreikningur

Eignir:

	2020	2019
Peningalegar eignir og skuldir		
Veltufjármunir:		
Handbært fé.....	83.288.049	65.111.778
Birgðir	4.779.000	3.697.000
Útistandandi kröfur.....	25.410.073	9.563.894
Deildir	2.377.369	6.557.431
Veltufjármunir alls	115.854.491	84.930.103
 Skammtímaskuldir:		
Ýmsar skuldir.....	18.071.512	20.329.354
Óhafnar tekjur.....	0	6.520.737
Deildir.....	59.145.632	26.945.701
	77.217.144	53.795.792
Hreint veltufé	38.637.347	31.134.311
 Aðrir efnahagsliðir		
Fastafjármunir frá fyrra ári.....	63.695.088	50.133.093
Keypt á árinu.....	0	17.874.275
Afskrifað á árinu.....	(6.993.421)	(4.312.280)
	56.701.667	63.695.088
 Eigið fé frá fyrra ári.....	(94.829.401)	(93.438.219)
Rekstur ársins, (hagnaður) / tap	(509.615)	(1.391.182)
	(95.339.016)	(94.829.401)
Aðrir efnahagsliðir nettó	(38.637.347)	(31.134.311)
 Breytingar á peningalegri stöðu		
Staða jákvæð (neikvæð) í upphafi árs.....	31.134.311	43.305.124
Fjárfesting á árinu.....	0	(17.874.275)
Rekstur tímabilsins án afskrifta fastafjármuna.....	7.503.036	5.703.462
Peningaleg staða í lok reikningstímabils	38.637.347	31.134.311

Sjóðstreymi 2020

	2020	2019
Handbært fé frá rekstri		
Hreint veltufé frá reglulegri starfsemi:		
Hagnaður af reglulegri starfsemi	509.615	1.391.182
Reiknaðir liðir í rekstrarreikningi:		
Fyrningar	6.993.421	4.312.280
Eftirgefín lán	0	15.066.689
Verðbætur og gengismunur, (tekjur) gjöld	0	(2.079.203)
Hreint veltufé af reglulegri starfsemi	7.503.036	18.690.948
Breytingar innan hreins veltufjár:		
Viðskiptakröfur, lækkun (hækkun)	(15.846.179)	(636.710)
Deildir	36.379.993	8.277.661
Birgðir, lækkun (hækkun)	(1.082.000)	(711.000)
Skammtímaskuldir vegna rekstrar, (lækkun)	(8.778.579)	12.742.762
Handbært fé frá rekstri	18.176.271	38.363.661
Fjármagnshreyfingar		
Fjárfesting	0	(17.874.275)
Afborgun langtímakrafna	0	2.597.496
	0	(15.276.779)
Breyting á handbæru fé á árinu	18.176.271	23.086.882
Handbært fé í ársbyrjun	65.111.778	42.024.897
Handbært fé í árslok	83.288.049	65.111.778

Sundurliðanir

	2020	2019
Framlög til rekstrar		
Rekstrar og þjónustusamningar	113.078.082	108.348.181
Framlag til viðhalds	1.441.851	3.328.265
Önnur framlög	19.860.498	650.000
	<u>134.380.431</u>	<u>112.326.446</u>
Styrkir frá Kópavogsbæ		
Iðkendastyrkir	9.598.012	8.840.444
Húsaleigustyrkir	501.513.783	474.335.684
	<u>511.111.795</u>	<u>483.176.128</u>
Leigutekjur		
Salarleiga	1.698.038	6.512.843
	<u>1.698.038</u>	<u>6.512.843</u>
Auglýsingatekjur		
Auglýsingaskilti	16.885.990	16.528.547
	<u>16.885.990</u>	<u>16.528.547</u>
Aðrar tekjur		
Vörusala samkeppnisrekstur	6.634.731	12.263.627
Tekjur vegna íþróttaskóla	7.907.066	7.293.704
Þátttaka deilda í kostnaði	7.952.715	6.213.417
Fjárafánir	13.245.053	18.584.881
Lottó og Getraunir	18.646.836	13.197.961
Önnur framlög	17.493.600	17.658.600
	<u>71.880.001</u>	<u>75.212.190</u>
Laun og verktakagreiðslur		
Laun starfsmanna og þjálfara	84.916.601	92.654.366
Tryggingagjald	6.075.993	7.060.846
Dagpeningar	0	171.249
Lífeyrissjóður	10.678.004	11.813.497
Orlofs- og sjúkrasjóður	1.317.179	1.444.715
Akstur	1.507.500	1.530.000
Áfallið orlof	1.344.656	2.479.648
	<u>105.839.933</u>	<u>117.154.321</u>
Rekstur mannvirkja		
Leiga á íþróttamannvirkjum	501.513.783	474.338.448
Viðhald áhalda og tækja	5.145.192	7.041.496
Hreinlætiskostnaður	2.964.337	2.656.553
Sorþirða	898.575	1.176.156
Öryggisþjónusta	1.444.607	1.347.020
Tryggingar	315.552	315.437
Annar rekstrarkostnaður	5.107.983	6.668.554
	<u>517.390.029</u>	<u>493.543.664</u>

- Aðalstjórn -

- Breiðablik Ungmennafélag -

Til deilda		
Lottó	17.499.796	11.957.066
Getraunir	813.060	734.375
Iðkendastyrkir	9.598.012	8.840.444
Aðrir styrkir	41.481.702	30.568.780
	<u>69.392.570</u>	<u>52.100.665</u>
Önnur gjöld		
Söluvörur		
Vörukaup	4.873.204	8.416.230
Birgðabreyting	(1.082.000)	(711.000)
	<u>3.791.204</u>	<u>7.705.230</u>
Skrifstofukostnaður		
Pappír, prentun og ritföng	230.638	360.143
Reikningsskil	4.650.220	728.345
Sími	533.470	502.587
Póstburðargjöld	297.896	101.642
Fréttabréf og auglýsingar	1.028.624	695.674
Tölvukostnaður	7.924.346	1.281.755
Funda- og þingkostnaður	711.393	578.258
Námskeið	171.900	146.582
Styrkir	43.600	130.400
Akstur	1.717.459	1.590.593
Annar skrifstofukostnaður	802.498	798.593
	<u>18.112.044</u>	<u>6.914.572</u>
Annar kostnaður		
Gjaldfærð áhöld	2.163.905	866.297
Þjónustugjöld VISA og EURO	123.467	143.391
Gjafir og skemmtanir	755.564	49.500
Kostnaður við fjáröflun	1.478.766	3.136.500
Fræðsluefni	120.000	0
Annar kostnaður	9.388.313	9.723.313
	<u>14.030.015</u>	<u>13.919.001</u>
	<u>35.933.263</u>	<u>28.538.803</u>

Ársskýrslur deilda

Ársskýrsla Frjálsíþróttadeildar Breiðabliks



Ágrip

Árið 2020 var afar óvenjulegt ár og hafði heimsfaraldur Covid 19 haft töluverð áhrif á starf og afkomu Frjálsíþróttadeildar Breiðabliks. Æfingabann á alla flokka setti stórt strik í reikninginn og sóttkví meirihluta meistaraflokks á sama tíma og Meistaramót Íslands, utanhúss, fór fram var mikið áfall fyrir deildina. Þá voru engin alþjóðleg mót haldin. Þrátt fyrir þetta hafa fjölmargir sigrar unnist, bæði innan vallar og utan, og árið verður eftirminnilegt fyrir margt fleira en faraldurinn. Skipulagi þjálfunar var breytt, stofnað til samstarfs við önnur félög og miklum tíma var varið í að gera störf deildarinnar faglegru og gagnsæri. Má þar helst nefna að hafin er vinna við gerð handbókar deildarinnar, afreksstefnu og iðkendasamninga fyrir meistaraflokk. Áætlað er að þessari vinnu ljúki á árinu 2021

Stjórn og nefndir

Á aðalfundi Frjálsíþróttadeildar Breiðabliks þann 7. maí 2020 voru gerðar nokkrar breytingar á stjórn deildarinnar. Kristján Sigurgeirsson,

formaður hætti störfum og Áslaug Pálsdóttir var kjörin í hans stað. Ný stjórn sem tók til starfa að loknum aðalfundi var eftirfarandi:

Stjórn

Áslaug Pálsdóttir, formaður
Bergþóra Guðjónsdóttir ritari,
Elsa Sif Guðmundsdóttir, gjaldkeri
Geirlaug Geirlaugsdóttir, Katla Rut Róbertsdóttir Kluvers, Ingi Rúnar Kristinsson.

Í varastjórn voru kosin

Egill Eiðsson
Kristján Þór Harðarson

Stjórn frjálsíþróttardeildar fundar einu sinni í mánuði eða eins og þurfa þykir.

Þjálfarar og stefna

Haustið 2020 var ráðist í miklar skipulagsbreytingar á þjálfun Frjálsíþróttadeildar Breiðabliks. Fjölgun iðkenda síðastliðin ár hefur valdið því að þörf var á að ráða tvo yfirþjálfara.

Yfirþjálfari yngri flokkar er Alberto Borges Moreno og sér hann um að skipuleggja þjálfun 6-16 ára barna. Alberto býr yfir yfirgripsmikilli

menntun og áralangri reynslu og þekkingu á sviði frjálsíþróttabjálfunar. Hann hefur náð eftirtektarverðum árangri hjá Breiðabliki og stjórnin fór þess á leit við hann að hann leiddi uppbyggingarstarf barna og unglunga hjá félaginu.

Þjálfun barna og unglunga byggist á hugmyndafræði Alþjóða frjálsíþróttasambandsins, IAAF um krakkafrjálsar (e. Kid Athletics) og að frjálsar íþróttir verði kynntar sem úrvals tækifæri til árangurs og aukinna lífsgæða. Sérhæfing eykst með auknum aldri og þroska iðkenda. Aðstoðarþjálfarar yngri flokka voru Hjörtur Ívan Sigurbjörnsson og Ragnhildur Lára Vignisdóttir. Jón Bjarni Bragason er yfirþjálfari Meistaraflokks. Jón Bjarni starfaði áður sem styrktarþjálfari og sérgreinabjálfi í kastgreinum og er hann með menntun á sviði íþróttufræða auk mikillar reynslu í þjálfun



Teymi sérgreinabjálfa kemur að þjálfun meistaraflokks, þar sem sérhæfing íþróttamanna er mun meiri en hjá yngri iðkendum.

Þjálfarateymi meistaraflokks er eftirfarandi

Jón Bjarni Bragason- yfirþjálfari og styrktarþjálfun

Arnar Pétursson - langhlaup

Egill Eiðsson - grindahlaup

Hermann Þór Haraldsson- fjölþraut og stökk

Ingi Rúnar Kristinsson - stangarstökk

Sveinn Sampsted - spretthlaup og boðhlaup

Stefán Ragnar Jónsson - kastgreinar

Samningur við FH um aðstöðu og þjálfun

Haustið 2020 var gerður tímamótasamningur við Frjálsíþróttadeild FH um afnot af aðstöðunni í innanhúshöllinni í Kaplakrika fyrir meistaraflokk. Meistaraflokkar félaganna tveggja æfa nú á sama tíma, og er þetta í fyrsta skipti í sögu deildarinnar sem iðkendur Breiðabliks komast í fullbúna aðstöðu á “besta tíma”, hvorki seint á kvöldin né of snemma dags. Auk þess var samið um samnýtingu þjálfara milli félaganna, og með því var iðkendum meistaraflokks Breiðabliks tryggð fyrsta flokks sérgreinabjálfun í öllum greinum. Samningurinn við FH sem undirritaður var til eins árs markar tímamót í sögu deildarinnar en vakti einnig athygli innan frjálsíþróttahreyfingarinnar í heild. Við í Breiðablik teljum að allt samstarf sé að hinu góða, hvort sem um er að ræða milli félaga eða milli deilda innan sama félags.



Iðkendur

Frjálsíþróttadeild Breiðabliks býr yfir mikilli breidd iðkenda. Árið 2020 voru þeir um 140 talsins allt frá 6 ára börnum upp í fullorðið afreksfólk, en nokkur fjölgun hefur orðið í yngri flokka starfinu milli ára. Breytingar voru gerðar á aldursflokkaskiptingu haustið 2020 og miðast aldursflokkar

nú við skólaár. Einnig var ákveðið að stækka meistaraflokk og flytjast iðkendur upp í meistaraflokk þegar grunnskólagöngu lýkur, eða á 17. aldursári. Meistaraflokkurinn telur nú um 30 manns.

Arnar Pétursson langhlaupari gekk til liðs við Breiðablik aftur árið 2020. Arnar er uppallinn Bliki en hefur undanfarin ár æft langhlaup með ÍR



Aðstaða

Baráttan fyrir bættri aðstöðu deildarinnar til æfinga og keppni hélt áfram á árinu og henni er því miður alls ekki lokið. Æfingaaðstaðan í Fífunni er mjög þröng, auk þess sem þar er oft of kalt fyrir æfingar okkar fólks. Á árinu var brugðið á það ráð að senda hluta af meistarafloknum alfarið í Kaplakrika til að sækja sínar æfingar. Það léttir vissulega svolítið á Fífunni en hefur einnig umtalsverðan leigukostnað í för með sér. Þrátt fyrir að meistaraflokkurinn hverfi nær alfarið á brott er enn ansi þröngt um stærstu hópana okkar í Fífunni. Það er auðvitað bagalegt að missa afreksfólkið okkar úr húsinu, þar missa yngri iðkendur mikilvægar fyrirmyndir. Æfingaaðstaðan utanhúss er talsvert betri, en nýtt æfingasvæði deildarinnar hefur gefið góða raun. Auk þess nýtum við Kópavogsvöll til æfinga yfir sumartímam, sérstaklega hjá eldri iðkendum. Völlurinn er mikið notaður af iðkendum margra deilda félagsins og æfingarnar krefjast

skipulags svo ekki komi til árekstra. Þegar gervigras var lagt á Kópavogsvöll vorið 2019 höfðu framkvæmdirnar í för með sér talsvert rask á aðstöðu Frjálsíþróttadeildar. Nú tveimur árum síðar er ekki enn ekki búið að ljúka við viðgerðir og síðastliðið sumar varð alvarlegt slys á æfingu vegna lélegs frágangs.

Á árinu 2020 fékkst endanlega úr því skorið að engin lögleg keppnisaðstaða fyrir frjálsíþróttir er í Kópavogi. Þegar Frjálsíþróttadeild Breiðabliks var úthlutað að halda aðalhluta Meistaramóts Íslands vildum við freista þess að fá úrbætur á Kópavogsvelli svo halda mætti tvískipt mót þar og á æfingasvæðinu. Matsmenn Frjálsíþróttasambands Íslands gerðu úttekt á vellinum og gerður var listi yfir þær úrbætur sem nauðsynlegar eru til að völlurinn standist kröfur. Það kom því miður í ljós að úrbætur reyndust of umfangsmiklar til að hægt væri að hrinda þeim í framkvæmd.

Völlurinn er því ekki keppnisfær og deildin stendur eftir án keppnisaðstöðu

Árangur

Á árinu fagnaði deildin 91 Íslandsmeistaratitli. Það voru alls 32 keppendur á öllum aldri sem hömpuðu



titlum, ásamt því að nokkur mótsmet féllu og eitt Íslandsmet. Breiðablik eignaðist þrjá Íslandsmeistara fullorðinna á árinu. Arnar Pétursson

vann sex titla, Karen Sif Ársælsdóttir tvo og Ingi Rúnar Kristinsson tvo.

Atkvæðamestur í yngri flokkum var Markús Birgisson með 12 titla í einstaklingsgreinum í flokki 15 ára pilta. Markús bætti einnig Íslandsmet í fimmtarþraut pilta U15 innanhúss á árinu en hann lauk þrautinni með 2865 stig. Þá er óhætt að segja að 15 ára piltarnir okkar hafi átt sviðið þetta árið. Þeir sigruðu stigakeppnina á unglingsmeistaramóti Íslands bæði innan- og utanhúss og einnig í bikarkeppni FRÍ innan- og utanhúss. Þá var verðlaunapallurinn iðulega grænn í þessum aldursflokk.



Landsliðsverkefni og úrvalshópur FRÍ

Breiðablik átti sex fulltrúa í A-landsliðshópi FRÍ, einn í Stórmótahópi U23 og níu iðkendur í Úrvalshópi 15-19 ára. Það fór lítið fyrir Landsliðsverkefnum þetta árið en flest alþjóðleg stórmót féllu niður. Birna Kristín Kristjánsdóttir hafði náð lágmarkum á alþjóðleg mót áður en þau voru felld niður. Hún hafði náð lágmarki í langstökki fyrir Evrópumót U20, Norðurlandamót og Bauhaus Junioren Gala.

Ekkert af þessum mótum fór fram.

Langhlauparinn Arnar Pétursson tók þó þátt í Heimsmeistaramótinu í hálfu maraþoni í Gdynia í Póllandi í október.

Í A-landsliðshópi voru:

Arnar Pétursson
Birna Kristín Kristjánsdóttir
Ingi Rúnar Kristinsson
Irma Gunnarsdóttir
Karen Sif Ársælsdóttir
Sindri Magnússon

Þá var Birna Kristín Kristjánsdóttir einnig í Stórmótahópi U23

Í úrvalshópi 15-19 ára voru:

Ágla María Kristjánsdóttir (2002)
Birna Kristín Kristjánsdóttir (2002)
Bjarni Hauksson (2004)
Guðjón Dunbar Diaquoi Þorsteinsson (2005)
Júlía Kristín Jóhannesdóttir (2005)
Katla Rut Róbertsdóttir Kluvers (2001)
Markús Birgisson (2005)
Sigríður Lára Ingibjörnsdóttir (2004)
Þorleifur Einar Leifsson (2004)

Ársþing FRÍ

Á ársþingi Frjálsíþróttasambands Íslands sem haldið var í september vor þrjár Blikar sæmdir heiðursmerkjum. Aðalheiður María Vigfúsdóttir og Kristján Sigurgeirsson voru sæmd Bronsmerki FRÍ og Kristján Þór Harðarson var sæmdur Silfurmerki. Báðir hafa þeir unnið óeigingjarnt starf í þágu frjálsra íþrótta á Íslandi og eru vel að viðurkenningunum komnir.

Íþróttamaður og íþróttakona Kópavogs, Breiðabliks og UMSK

Frjálsíþróttafólk ársins 2020, þau Arnar Pétursson langhlaupari og Karen Sif Ársælsdóttir stangarstökkvari áttu bæði mjög gott árið og uppskáru vel. Þau voru ekki aðeins verðlaunuð innan vallar heldur voru þau bæði kjörin íþróttamaður og -kona ársins á þremur vígstöðvum, hjá Kópavogi, Breiðablik og UMSK.

Önnur verkefni

Frjálsíþróttadeild Breiðabliks tekur að sér margvísleg verkefni tengd íþróttinni. Á árinu 2020 var deildin framkvæmdaraðili að Meistaramóti Íslands 15-22 ára, sem haldið var í Kaplakrika í janúar. Á mótinu störfuðu yfir 60 sjálfboðaliðar og skiluðu frábæru starfi. Það er ljóst að starf deildarinnar gengi ekki upp nema með aðkomu þeirra fjölda sjálfboðaliða sem alltaf eru tilbúnir til þess að leggja sitt af mörkum. Í febrúar bauð deildin iðkendum og foreldrum þeirra upp á fræðslufyrirlestur um næringu íþróttafólks hjá Fríðu Rún Þórðardóttur næringarfræðingi. Námskeiðið var vel sótt og stefnt er að því að bjóða upp á fleiri fyrirlestra sem gagnast geta íþróttamönnum á öllum aldri. Á þjóðahátíðardaginn héldum við opið hlaup fyrir börn bæjarins líkt og undanfarin ár. Hlaupið er hluti af hátíðardagskrá Kópavogsbæjar og var einkar vel sótt þetta árið og mikil ánægja með framkvæmdina. Þá hafði deildin veg og vanda af bílastæðavörslu við Fífuna á kjördag í forsetakosningum síðastliðið sumar eins og venja er.

Covid-19

Eins og aðrir hefur Frjálsíþróttadeild Breiðabliks orðið fyrir talsverðum skakkaföllum af völdum Covid-19

faraldursins. Víðtækastar voru afleiðingar samkomubanns sem bitnaði mjög á æfingum deildarinnar bæði í mars og apríl og svo aftur í október og nóvember.

Þrátt fyrir talsverðar áhyggjur virðist þessi erfiði tími þó ekki hafa valdið miklu brottfalli úr röðum deildarinnar. Keppnistímabilin, sem í frjálsum íþróttum eru tvö, féllu þó að mestu utan samkomubanns. Sóttvarnir og smit sem komu upp innan hópsins höfðu þó töluverða áhrif á möguleika félagsins. Stærsta áfall ársins var þegar smit kom upp innan meistaraflokks og stór hluti hópsins þurfti að fara í sóttkví. Sóttkvíin varð þess valdandi að íþróttafólkið okkar missti af aðalhluta meistaramóts Íslands. Lið Breiðabliks var því mjög fáliðað á því móti.

Tveir árlegir viðburðir Frjálsíþróttadeildarinnar voru felldir niður vegna faraldursins, Kópavogsmaraþonið í maí og Hjartadagshlaupið í september.

Fjármál

Rekstur deildarinnar var jákvæður rekstrarárið 2020.

f.h. frjálsíþróttadeildar Breiðabliks,
Áslaug Pálsdóttir

Ársskýrsla Hjólreiðadeildar Breiðabliks



Hjólreiðadeild Breiðabliks var stofnuð árið 2016.

Nú er fimm ára afmæli deildarinnar og næstum er liðið akkúrat ár síðan við hittumst á aðalfundi 3. mars á síðasta ári. Það er óhætt að segja að árið hafi meira einkennst af Covid-19 en hjólreiðaviðburðum, enda fundað fráfaraandi stjórn nær eingöngu á netinu á starfsári sínu, en formlegir fundir voru 16, auk fjölmargra annarra funda, m.a. um fjármálin, með Sporthúsinu, Breiðablik, þríþrautardeildinni, HRÍ o.fl. Náðum þó að halda kynningarfund í lok ágúst.

Fljótlega eftir að stjórnin tók við var fyrsta auglýsingin sett um samkomutakmarkanir og við þurftum frá að hverfa úr Sporthúsinu. Ekki bara þurftum við frá að hverfa úr Sporthúsinu heldur var með nánast engum fyrirvara ákveðið að hætta við æfingaferð til Calpe, en fyrri hópurinn átti að fara 14. mars en seinni 21. mars. Má því segja að fyrstu verk nýrrar stjórnar og mitt fyrsta sem formaður var að skella í lás. Ég verð því seint valin starfsmaður mánaðarins.

Í kjölfarið af því leigðum við í tvígang hjólin úr Sporthúsinu, fyrst í mars fram í maí og svo aftur í desember fram í janúar.

Í sumar lauk samstarfi hjólreiðadeildarinnar og þríþrautardeildarinnar, en þríþrautardeildin ákvað að vera með sínar útiæfingar sér og svo í kjölfarið að færa sig um set yfir í World Class. Hjólreiðadeildin og Sporthúsið keyptu því IC8 hjólin nú sem þríþrautardeildin átti. Þannig að nú á hjólreiðadeildin 14 hjól og Sporthúsið 22. Á síðasta ári var skipt um fulltrúa Breiðabliks í mótanefnd HRÍ, og úr nefndinni gekk Halldór Valgeirsson og í hans stað kom Ingvar Júlíus Tryggvason. Þakka ykkur báðum fyrir það.

Þrátt fyrir Covid-19 tókst okkur í sumar að skipuleggja sumarstarfið vel, enda lægð í faraldrinum. Við vorum því með barnanámskeið sem Elsa María, Natalía Erla Cassata og Elín Kolfinna Árnadóttir stjórnðu, týndu ekki nema einu barni – sem fannst. Ingvar Ómarsson og Elsa María Davíðsdóttir voru með fjallahjólánámskeið fyrir unglunga þar sem Natalía var til aðstoðar og svo vorum við með útiæfingar og Elvar Örn Reynisson var með nokkrar Heiðmerkurferðir. Eftir að við fengum fötin okkar frá Wattie skelltum við okkur í myndatöku við Meðalfellsvatn

í júlí. Við höfum ekki verið nógu dugleg að monta okkur af þeim en vonandi getum við bætt úr því.

Eftir gott keppnissumar síðastliðið haust var ákveðið að efla keppnishópana og fengum við Guðmund Sveinsson og Krístrúnu Lilju Daðadóttur, til að fara fyrir þeim hópum, enda fullt af öflugum hjólurum í okkar hópi. Atli Knúts tók að sér að leiða personal best hópinn. Emil Tumi Víglundsson kemur sterkur inn í vor og undirbýr unga fólkið og fylgir því í keppnir. Á síðastliðnu ári héldum við Vortímatökuna í júní og Íslandsmeistaramótið í götuhjólreiðum í ágúst. Á eftir undir liðnum uppskera 2020 förum við ítarlega yfir þá titla sem Blikarnir okkar hlutu, en meðal annars varð Ingvar Ómarsson hjólreiðamaður ársins hjá Hjólreiðasambandi Íslands sjöunda árið í röð, auk annarra Íslands- og bikarmeistaratitla. Hrefna og Ingvar voru meðal annars kjörin hjólreiðafólk Breiðabliks 2020 og svo eignuðumst við aðra bikar- og Íslandsmeistara eins og farið verður yfir á eftir.

Frá því að við komumst inn aftur í vetur höfum við verið með 14 tíma inni, auk 1 unglingatíma, en það er breyting frá því sem var því við höfum fengið unga fólkið til að mæta í aðra tíma tvisvar í viku. Fækkuðum reyndar innitímum um einn í upphafi mars eins og verið hefur, og lengdum fimmtudagstímana. Félagsmenn eru um 200 talsins og um 180 með kort í

Sporthúsinu. Þjálfarar eru samtals 14 en hafa getað verið misvirkir út af ástandinu. Vorum með grill í Guðmundarlundi í júlí sem segja má að sé orðinn árlegur viðburður. Þá keyptum við annan umgang af fötum fyrir þá sem þess óskuðu og er von á þeim í þessum mánuði. Þá buðum við upp á styrktaræfingar með Henning sem hefur aldeilis slegið í gegn og munum við alveg skoða að fá hann aftur næsta vetur. Júlíana hefur svo verið með sjóðheita tíma á miðvikudögum sem eru oftast fullir. Gunni Wedholm stóð fyrir 80 laugardegi sem sló rækilega í gegn, nema hjá þeim sem fíla ekki Abba.

Þrátt fyrir afskaplega erfitt ár þá erum við vonandi á réttu róli núna, en ég finn að það er virkilega góð stemning í hópnum okkar og kom það best í ljós þegar við héldum Lagadag Örnú Aspar hvað það er mikil samstaða, gleði og jákvæðni í þessum hópi. Veit fyrir víst að við söfnuðum rétt yfir 400.000 kr. fyrir Örnú auk þess sem sumir félagsmenn höfðu sjálfir veitt henni stuðning, fjárhagslegan og með öðrum hætti.

Kæru félagar, það er engum öðrum en ykkur að þakka að hjólreiðadeildin er svona frábær!

formaður Hjólreiðadeildar,
María Sæmundsdóttir.

Ársskýrsla Karatedeildar Breiðabliks



Í stjórn deildarinnar 2020 voru Sigbór Samúelsson, formaður, Auður Ester Guðlaugsdóttir varaformaður, Arnar Laufdal Ólafsson, meðstjórnandi, Elfa María Magnúsdóttir, gjaldkeri, og Gaukur Garðarsson, ritari. Stjórnarfundir voru haldnir eins og þurfa þótti og verkaskipting var með ágætum.

Samantekt

Árið fór ágætlega af stað á vorönn 2020, dregið hafði úr brottfalli á haustönn miðað við 2019 og allt benti til áframhaldandi vaxtar í deildinni. Annað kom þó á daginn þar sem Covid-19 setti strik í reikninginn. Mörg mót voru felld niður á árinu og engin ferð var farin með iðkendur á mót erlendis en eina bikarmót KAÍ í flokki fullorðinna 2020 var haldið í 17. Janúar og svo Reykjavík International Games þann 26. Janúar en þangað fórum við með stóran hóp og uppskárum 9 verðlaun og reynslu. Fyrsta og eina Grandprix mót KAÍ var 15. Febrúar, stórt og mikið mót sem við tókum þátt í og enduðum daginn með 6 verðlaun og pizzuveislu.

Mörg mót voru felld niður á árinu og engin ferð var farin með iðkendur á mót erlendis en eina bikarmót KAÍ í flokki fullorðinna 2020 var haldið í 17. Janúar og svo Reykjavík International Games þann 26. Janúar en þangað fórum við með stóran hóp og uppskárum 9 verðlaun og reynslu. Fyrsta og eina Grandprix mót KAÍ var 15. Febrúar, stórt og mikið mót sem við tókum þátt í og enduðum daginn með 6 verðlaun og pizzuveislu.



16. mars felldum við niður fyrstu æfinguna, byrjuðum aftur 4. maí og náðum að gráða alla flokka þegar leið á júní. Þjónustan fór úr þessu hefðbundna yfir í eitthvað annað: Zoom æfingar, þjálfarar gerðu myndbönd með tækniæfingum fyrir Youtube síðu deildarinnar, skipuleg

heimþjálfun, áskoranir utandyra, myndasamkeppni og ýmislegt annað var gert til að halda starfinu lifandi. Halda iðkendum og þjálfurum við efnið og síðast en ekki síst halda aðeins í karateandann eins og hægt var. Sumaræfingarnar voru í nokkuð góðu standi en alltaf einhver óvissa.

Svana Katla Þorsteinsdóttir ákvað á árinu að stíga til hliðar og setja karategallann á hilluna. Svana hefur átt langan og farsælan feril en mun áfram þjálfra hjá okkur þannig að hún er heldur áfram að gefa af sér á öðrum vettvangi.

Haustönn

Haustönnin fór af stað í lok ágúst og endurspegladi fyrri helming ársins að miklu leiti. Óhefðbundnar æfingar yfir netið tóku við 8. október, rofaði aðeins til þegar leið á.

Á haustönninni tókum við svo þátt í Íslandsmeistaramóti fullorðinna þann 4. október, gerðum gott mót en Tómas Pálmar Tómasson átti frábæran dag og endaði daginn á þremur Íslandsmeistaratitlum: Hópkata karla, Hópkata 16-17 ára og Kata 16-17 ára. Breiðablik ekki unnið hópkata karla í ÍM síðan 2014.

Gráðanir

Enduðum árið á hefðbundinn með gráðun í beinni útsendingu og matarkörfum. „Andi karate er einskis virði án hæversku og kurteisi“, sagði Funacochi, stofnandi Shotokan karate oft við nemendur sína. Í þeim anda tókust karatekappar Karatedeildarinnar og aðstandendur á við að græja matarkörfur með jólamat fyrir 400 manns í samvinnu við Lindakirkju.

Fjármál

Fjárhagslega er staðan góð þó deildin sé rekin með örlitlu tapi 2020 þegar tekið er tillit til fjárhagstjóns sem deildin varð fyrir á árinu og fæst ekki bætt. Línan sem fráfarandi stjórn dró strax var að hlúa vel að iðkendum,

aðbúnaði og þjálfurum og halda áfram því uppbyggingarstarfi sem hefur verið undanfarin ár þó blási á móti.

Framhaldið

Það eru mörg verkefni framundan og mikilvægt að halda áfram að hlúa að meginstoðum deildarinnar – iðkendum, þjálfurum, aðstöðu og þátttöku foreldra. Brottfall og lakari nýliðun hefur ákveðna keðjuverkum upp í eldri flokka og mikilvægt að huga enn betur að því.

Ætti ekki að koma neinum á óvart hver áskorun 2021 er. Við fylgjum þeirri línu sem Breiðablik setur og gerum það sem við getum með rafrænum hætti, heimaæfingum og samskiptum.

Virðingarfyllst,
Sigþór Samúelsson
Formaður

Ársskýrsla Knattspyrnudeildar Breiðabliks



Árið 2020 fer í sögubækurnar sem eitt af undarlegustu árum í lífi okkar flestra ef ekki allra. Á tímum heimsfaraldurs höfum við þurft að skipuleggja daglegt líf okkar upp á nýtt. Öllu hefur verið snúið á hvolf og það sem áður var sjálfsgæður hluti af okkar rúttínu frá degi til dags hefur ekki verið í boði.

Þessi lýsing á líka við um starf knattspyrnudeildar Breiðabliks á árinu 2020. Aðstæður til reksturs og hefðbundinna starfa voru gríðarlega krefjandi og reyndu svo um munar á innviði félagsins. Þeir eru sem betur fer eru þeir sterkir. Rekstrar- og stjórnunarlegum áskorunum tókst að mæta af krafti, þökk sé öflugri viðspyrnu starfsmanna og sjálfboðaliða. Máli mínu til stuðnings langar mig að drepa hér niður í pistli formanns BUR sem nýverið birtist á heimsíðu Breiðabliks:

„Ég held að allir viti að Breiðablik rekur mjög umfangsmikið starf en þegar kom að undirbúning á æfingatöflum vetrarins var lagst yfir

ákveðna tölfræði og það sem sló okkur sérstaklega var hvílikur fjöldi KSÍ leikja fer fram á svæðum Breiðabliks. Ef horft er á tímabilið frá 1. nóv. 2019 til 30. sept. 2020 þá voru spilaðir samtals 669 leikir í Fagralundi og í Smáranum á vegum okkar liða þ.e. Breiðabliks, Augnabliks og Smára. Þetta leggur sig á nákvæmlega 2 leiki á dag, alla þessa daga, þar sem Breiðablik mætir með sitt lið, sína dómara og aðstoðardómara, hjálfara og annað sem þarf til að leikurinn geti farið fram“

Þessi tilvitnun segir í raun allt sem segja þarf um það hversu öflugur starfi tókst að halda úti þrátt fyrir allt. Til viðbótar við þetta tók mannskapurinn sig til og hélt stærsta knattspyrnumót landsins, Síamamótið, við mjög krefjandi aðstæður með hvílikum sóma að eftir var tekið. Fyrir þetta vil ég þakka hér á þessum fundi.

Faraldurinn hafði líka mikil áhrif á störf meistaraflokka félagsins sem þó gengu fyrir sig með miklum ágætum.

Sóttvarnaraðstæður þrengdu þó óneitanlega að starfinu og höfðu á köflum mikil áhrif á andrúmsloftið á leikjum meistaraflokkanna. Árangurinn innan vallar var góður. Meistaratitill í kvennaflokki, þar sem við tefldum að flestra mati fram lang besta liði landsins, og Evrópusæti í karlaflokki. Vissulega urðu mótslok með sérstökum hætti, en svona var punktstaðan þegar loks var gefist upp á mótahaldinu og úrslitin ákveðin í samræmi við aðferðafræði sem allir þekktu fyrir og gekk jafnt yfir alla.

Störf stjórnar gengu farsællega fyrir sig á árinu. Stjórnin hittist að jafnaði á tveggja vikna fresti og ræður ráðum sínum auk verkefna og starfa ráða á milli funda. Við störf sín nýtur hún dyggrar aðstoðar starfsmanna, einkum framkvæmdastjóra félagsins og deildarstjóra knattspyrnudeildar. Eru þeim og öðrum starfsmönnum þökkuð góð störf og samvinna.

Segja má að áherslurnar í starfi stjórnar hafi árið 2020 hvílt á grunni stefnumótunar sem fram fór um og upp úr miðju ári 2019. Þar var settur fókus á heildstæða sýn við ráðningu lykilstarfsmanna, aukin hestöfl við yfirstjórn yngri flokka, skerping á áherslum í afreksstarfi og loks að styrkja sambandið á milli meistaraflokka og yngri flokka félagsins.

Áfram er lögð höfuðáhersla á vandaða áætlanagerð og trausta fjámálastjórn sem, eins og oftsinnis hefur komið fram hjá þeim sem hér talar, er grunnforsenda þess að unnt sé að halda úti öflugum félagsstarfi. Fjárhagsleg afkoma knattspyrnudeildar árið 2020 er sterk þrátt fyrir krefjandi árferði. Stjórn hefur líka lagt á það áherslu að auka sýnileika og þátttöku Breiðabliks í störfum knattspyrnuhreyfingarinnar á

Íslandi. Hafa ýmis skref verið stigin í þá átt bæði gagnvart KSÍ og ÍTF þar sem við fengum kjörinn mann í stjórn á síðasta aðalfund samtakanna.

Ég vil hér einnig nefna samstarf deildarinnar undanfarin ár við Viðar Halldórsson, prófessor, um gerð stefnumótandi rits fyrir Breiðablik. Ritið er yfirgripsmikil samantekt á áherslum, markmiðum, skipulagi og stjórnun Breiðabliks auk þess að þjóna sem náms- og kennsluskrá fyrir félagið. Leiðarvísir þessi hefur hlotið nafnið Kyndillinn og er vinna hans á lokametrunum þegar.

Þegar þetta er ritað virðis loks sem vágsturinn COVID-19 sé nú á undanhaldi í okkar samfélagi Fer vel á að það gerist á sama tíma árs og Íslandsmótin hefjast og vonandi fáum við öll að njóta íslenskrar knattspyrnu í sumar með sem minnstum takmörkunum.

Ég þakka að sjálfsögðu öllum þeim fjölmörgu einstaklingum sem komið hafa að starfi knattspyrnudeildar á síðastliðnu ári fyrir þeirra framlag. Þar er hvert handtak mikilvægt og þáttur í þeirri sterku keðju sem myndar félagsstarfið okkar.

Góðar stundir

Orri Hlöðversson,
formaður knattspyrnudeildar

Ársskýrsla Kraftlyftingadeildar Breiðabliks



Hér á eftir verður rakið í stuttu máli það sem hæst bar hjá kraftlyftingadeild Breiðabliks á árinu 2020.

Heimsfaraldur

Heimsfaraldurinn hafði mikil áhrif á starfsemi kraftlyftingadeildar Breiðabliks, eins og á svo margt annað.

Keppnisárið hófst með Reykjavíkurlaikunum í klassískum kraftlyftingum. Þar keppti Blikinn Birgit Rós Becker og hafnaði í fjórða sæti með 83,3 IPF-stig. Hún lyfti samanlagt 437,5 kg, sem var nýtt Íslandsmet í -84 kg flokki.

Keppnistímabilið

Þá tók við langt keppnishlé og næsta mót ekki haldið fyrr en í júní. Þegar lokað var fyrir æfingar tóku þeir sem gátu upp á því að koma sér upp frumstæðum æfingaaðstöðum í heimahúsum.

Kraftlyftingadeild Breiðabliks tók að sér að halda Íslandsmeistaramótið í réttstöðulyftu, en það var haldið 27. júní í Fagralundi. Á mótinu voru 8 keppendur frá Breiðabliki og náðu 4 þeirra verðlaunasætum í sínum flokkum. Þar bar hæst árangur Sóleyjar Margrétar Jónsdóttur, sem varð Íslandsmeistari í +84 kg fl. á nýju Íslandsmeti með 212,5 kg lyftu.

Íslandsmót í kraftlyftingum

Breiðablik átti tvo keppendur á ÍM í kraftlyftingum, Sóleyju og Guðfinn Snæ. Sóley varð Íslandsmeistari í +84 kg fl. og setti þar Íslandsmet í bekkpressu með 180 kg og í réttstöðulyftu með 220 kg. Þá lyfti hún 665 kg í samanlögðu sem er Íslandsmet og mesta þyngd sem íslensk kona hefur lyft frá upphafi kraftlyftinga hér á landi. Guðfinnur varð Íslandsmeistari unglunga í +120 kg fl. Hann tók þar Íslandsmet unglunga í hnébeygju af Júlían J.K. Jóhannssyni með 400,5 kg. Þá rauf hann í fyrsta sinn 1000 kg múrinn í samanlögðu með 1000,5 kg.

Klassískar kraftlyftingar

Á ÍM í klassískum kraftlyftingum átti Breiðablik 4 keppendur. Þar ber helst að nefna Birgit Rós sem varð Íslandsmeistari í -72 kg fl. á nýju Íslandsmeti með 431,5 kg samanlagt. Birgit setti einnig Íslandsmet í hnébeygju með 165,5 kg og í réttstöðulyftu með 176 kg.

Þá setti Alexandra Rán Gylfadóttir Íslandsmet unglunga í bekkpressu í -57 kg fl. með 90 kg, en hún hafnaði í 2. sæti í flokkinum.

*F.h. kraftlyftingadeildar Breiðabliks
Róbert Kjaran, ritari*

Ársskýrsla Körfuknattleiksdeildar Breiðabliks



Á aðalfundi Körfuknattleiksdeildar Breiðabliks 2020 voru eftirfarandi kjörin í stjórn:

Gunnar Sv. Friðriksson, formaður
Heimir Snær Jónsson, varaformaður
Arnar Snær Kárason
Atli Björn Þorbjörnsson
Enok Jón Kjartansson

Þær breytingar urðu á stjórn frá fyrra ári að Eiríkur Aðalsteinsson gekk úr stjórn, en aðrir sátu áfram.

Hvað varðar þjálfaramál hjá félaginu þá hafa ekki verið gerðar umfangsmiklar breytingar þar og erum við mjög ánægð með þá aðila sem sinna þjálfum hjá félaginu og höfum heyrt frá foreldrum að almennt sé vel haldið utan um iðkendur okkar.

Að venju bauð Breiðablik upp á sumarnámskeið fyrir yngri iðkendur, sem voru nokkuð vel sótt en Ívar Ásgrímsson sá um skipulag og umsjón æfinga, ásamt aðstoðarþjálfurum.

Áfram eru skipulagðar æfingar skv.

töflu þannig að frá lokum ágúst fram í maí, en yfir sumartímam erum æfingar með breyttu sniði fjóra daga vikunnar með frí um helgar og í fjórar vikur í júlí. Yfirþjálfari skipuleggur, stýrir og hefur umsjón með æfingum yfir sumartíma ásamt aðstoðarþjálfurum. Með þessu telur stjórn körfuknattleiksdeildarinnar að verið sé að auka þjónustu við iðkendur enda sé ákallið til staðar í takt við vinsældir íþróttarinnar hér á landi.

Skráðir iðkendur hjá Breiðablik eru vel á fjórða hundrað og fer fjölgandi. Fjöldmargir iðkendur koma einnig reglulega til að prófa æfingu hjá deildinni þar sem sumir í lengjast en aðrir finna sig betur á öðrum vettvangi. Leikmenn meistaraflokka greiða ekki æfingagjöld, en þau hafa skyldur samkvæmt samningum og sinna dómgæslu, fjáröflunum og öðrum störfum sem stjórn leggur fyrir hverju sinni.

Eins og gefur að skilja fer mikil vinna og tími í að leita eftir fjármagni og stjórnin sífellt á höttunum eftir

styrkjum í starfið sem er orkufrekt, en ákjósanlegra væri að beina þeirri orku í að styrkja innviðina og bæta starfið enn frekar.

Yngri flokkar

Árið 2020 var óhefðbundið sökum heimsfaraldurs Covid-19 og náðist ekki að klára Íslandsmót yngri flokka í neinum flokki. Er æfingar voru bannaðar í lok febrúar var reynt að fara nýjar leiðir í þjálfun til að ná til okkar iðkenda á sem bestan hátt. Þjálfarar félagsins eiga heiður skilinn fyrir að hafa haldið úti æfingum á netinu með því að senda æfingar á iðkendur og búa til fjölda einstaklingsæfinga sem sendar voru á iðkendur deildarinnar svo hægt væri að halda æfingum áfram heima við. Þjálfarar þurftu að hugsa talsvert út fyrir ramma sinn og fórst þeim það afar vel úr hendi og farnar voru nýjar leiðir varðandi æfingarnar.

Allt tímabilið á eftir 2020/2021 var eins og gefur að skilja litað af Covid boðum og bönnum. Allt tímabilið var verið að stöðva æfingar og æfingar að byrja þær, án snertinga, með bolta, án bolta o.þ.h. og leikir af skornum skammti. Þetta gerði alla þjálfun erfiða en hrós fá þjálfarar og iðkendur fyrir einstaka elju og vonandi næst að klára flest mót hjá yngri flokkum þetta árið.

Árið 2020 byrjaði þó glæsilega hjá yngri flokkum er bikarhelgi KKÍ var haldin í Laugardalshöllinni. Blikar áttu þrjú lið af fimm mögulegum í úrslitum yngri flokka hjá drengjum. 10. flokkur, drengjaflokkur og unglingsflokkur spiluðu allir til úrslita og var þetta stór dagur fyrir deildina. Unglingsflokkur opnaði helgina á föstudagskvöldinu á úrslitaleik á móti KR. Leikurinn var jafn og spennandi en unglingsflokkurinn opnaði helgina glæsilega og náði að knýja fram sigur og urðu bikarmeistara 2020.

Næsti leikur á eftir var leikur Breiðabliks á móti Stjórnunni í 10. flokki drengja. Stjarnan náði fljótlega undirtökunum og náði mest um 20 stiga forystu í byrjun þriðja leikhluta. Blikar gáfust ekki upp og með einstakri baráttu náðu þeir að komast yfir er um 4 mínútur voru eftir af fjórða leikhluta, en því miður náðum við ekki að halda út þar sem mikil orka fór í að ná niður stigamun. Leikurinn tapaðist með minnsta mun, en Stjarnan vann með 1 stigi og eftir sátu sárir Blikar en gátu samt verið sáttir eftir gríðarlega baráttu og flottan leik.

Á sunnudeginum spilaði síðan drengjaflokkur við KR og var það síðasti leikur bikarhelgarinnar. Leikurinn var mjög hraður og góður en KR náði sigri eftir frábæran leik. KR hafði ekki tapað leik þegar koma að þessum leik en lið Blika var að mestu skipað drengjum á yngri ári í drengjaflokki og því var ljóst að um erfitt verkefni var að ræða.

Því miður náðist ekki að klára Íslandsmótið en Blikar voru í afar góðum málum í nokkrum flokkum og vonir stóðu til að ná í nokkra Íslandsmeistaratitla. 7. flokkur drengja hafði sýnt að þeir væru bestir á landinu og voru með mikla yfirburði í sínum flokki. Unglingsflokkur hafði einungis tapað einum leik og voru langefstir í sínum riðli og voru með gríðarlega gott lið. 10. flokkur drengja var líka með eitt af þremur bestu liðum á landinu og drengjaflokkur var í ágætis stöðu er leik var hætt.

Eins og sjá má af þessari upptalningu er framtíðin mjög björt hjá yngri flokkum deildarinnar.

Kvennamegin er ljóst að bæta þarf aðeins í. Minnibolti 11 ára og 7. flokkur stúlkna voru þeir flokkar sem stóð sig hvað best og ljóst að þar er að

finna margar mjög efnilegar stúlkur. Minnibolta flokkar eru mjög fjölmennir og þar voru allir flokkar í fremstu röð, frá 8-12 ára hjá bæði stúlkum og drengjum. Sumarið 2020 voru æfingar hjá öllum flokkum allt sumarið 4 daga vikunnar, en þarna var verið að stíga stórt skref fram á við hjá deildinni þar sem 11 ára og eldri voru að stunda æfingar allt árið um kring. Þá var tekin sú ákvörðun að hafa einn yfirþjálfara fyrir mb. 8-12 ára drengja og fengnir hæfir þjálfara í það verkefni. Þetta heppnaðist einstaklega vel og var því komin samhæfing með þessa yngstu flokka félagsins. Svipað var gert hjá stúlkunum en það verður stígið sama skref fyrir næsta tímabil með alla yngstu flokka og reynt að samhæfa þessar æfingar hjá okkar allra yngstu iðkendum.

Ljóst er að töluverð fjölgun hefur verið í deildinni, en eins og staðan er núna er aðstaðan til æfinga sprungin og ljóst er að stærri æfingasali þarf fyrir okkar allra fjölmennstu flokka eins og komið verður að síðar.

Tímabilið 2020/2021 hefur verið gott. Ljóst er að nokkrir flokkar félagsins eiga möguleika á að ná í Íslandsmeistaratitil. Úrslit verða haldin núna í maí og eru 8. flokkur drengja, drengjaflokkur og unglíngaflokkur í eldlínunni og eiga allir þessir flokkar góða möguleika á því að ná í þann stóra.

Það er afar jákvætt að hafa náð að halda sjó í því umhverfi sem við búum við í dag og ljóst er að þetta hefur reynt á þjálfara og iðkendur okkar sem hafa staðið sig hreint út sagt frábærlega.

Meistaraflokkar

Meistaraflokkur kvenna hefur verið í stöðugri framför. Flokkurinn náði að halda sér í deildinni eftir að hafa tekið sæti Stjórnunnar í Dominos deildinni og með fámennan hóp er deildin

byrjaði höfum við náð að byggja upp nokkuð sterkt samheldið lið. Í ár hefur liðið unnið sjö leiki og hefur oft á tíðum spila mjög vel og á góða möguleika á að ná 5. sæti deildarinnar. Margar Blika stelpur hafa stígið upp og verður gaman að fylgjast með liðinu á næsta tímabili, sérstaklega ef liðið heldur áfram að sýna sömu framfarir og þær hafa gert síðustu tímabil.

Meistaraflokkur karla átti ágæta möguleik á því að komast upp tímabilið 2020 en þá var keppni hætt vegna Covid og einungis eitt lið fór beint upp en Blikar sátu eftir. En mótlætið herti bara mannskapinn og liðið kom gríðarlega sterkt til leiks þetta tímabil og náði að tryggja sér nokkuð öruggan sigur í fyrstu deildinni árið 2021 og eru því komnir upp í Dominos deildina og munu spila þar næsta tímabil.

Breiðablik er nú orðið eitt af stærstu körfuknattleiksfélögum á landinu. Við höfum á að skipa eina af fjölmennustu deild landsins og eigum gríðarlega góða yngri flokka og drengja megin er Breiðablik með eitt öflugasta yngri flokka starf landsins. Kvenna megin þarf að bæta aðeins í en það jákvæða er að við erum með mjög öfluga flokka allt frá 8. flokki og niður. Það vantar aðeins uppá í eldri flokkunum og því erfitt að bæta í þar en það skapar tækifæri til að leggja enn meiri áherslu á þær stelpur sem eru þar fyrir og búa til sterka flokka á næstu árum. Breiðablik er eitt fárra liða sem koma til með að spila í deild þeirra bestu, Dominos deildinn, og eru allir innan deildarinnar afskaplega stolt af þeim frábæra árangri sem náðst hefur síðstu ár og ljóst að miklir möguleikar eru til að bæta okkur enn frekar á komandi árum.

Aðstöðumál

Enn og aftur þarf því miður að koma inn á aðstöðumál körfuknattleiksdeildarinnar, sem eins og áður segir er ein stærsta körfuknattleiksdeild landsins, en aðstöðumálin hafa verið í brennidepli undanfarin ár og margt sem þarf verulega að bæta úr þar. Við höfum sóst eftir því að fá aukna aðstöðu í efri byggðum Kópavogs, Fagralundi og í Digranesinu en ekki náð eyrum bæjaryfirvalda.

Stjórnin telur mikilvægt að fá æfingatíma í öðrum íþróttahúsum til að þjónusta börn í efri byggðum betur. Tímar sem deildinni hafa verið úthlutaðir t.d. í Fagralundi eru afleitir nýtast deildinni illa.

Við erum afar ánægð með að nú er að koma ný stúka í Smárann en stúkan sem þar er fyrir hefur verið til vandræða árum saman.

Að lokum vil ég þakka öllum sem hafa komið að starfinu í vetur. Styrktaraðilum deildarinnar færi ég okkar bestu þakki, meðstjórnendum mínum fyrir gott samstarf og kynni sem og aðalstjórn og skrifstofufólki fyrir góðan stuðning undanfarin ár.

Gunnar Sv. Friðriksson
Formaður stjórnar

Ársskýrsla Skákdeildar Breiðabliks



Aðilar í stjórn 2020-2021

Formaður: Kristófer Gautason
Gjaldkeri: Krisín Jónsdóttir
Ritari: Birkir Karl Sigurðsson
Meðstjórnendur: Agnar Tómas Möller,
Arnar Ingi Njarðarsson, Guðný
Sigurðardóttir, Hallmundur Albertsson.
Varamaðstjórnandi: Heiðar Ásberg
Atlason

Skákþjálfun ungmenna 2020 – 2021

**Afreksæfing (þjálfari Björn Ívar
Karlsson, erfiðleikastig 1600-2000
elóstig):**

Miðvikudaga kl. 16:30 - 18:00 →
Stúkan, fundarherbergi

Hópurinn samanstendur af 8 iðkendum
sem hafa staðið sig best hverju sinni,
og mætir hópurinn 2 miðvikudaga í röð
og svo er valinn nýr hópur.

**Framhaldsflokkur (þjálfari Birkir
Karl Sigurðsson, erfiðleikastig 1000-
1400 elóstig)**

Mánudaga kl. 19:00 - 20:30 → Stúkan,
glersalur

Priðjudaga kl. 17:30 - 19:00 → Stúkan,
glersalur

Föstudaga kl. 17:30 - 19:00 → Stúkan,
glersalur (sameiginleg æfing fyrir
iðkendum úr öllum hópum)

Gerð er krafa um að iðkandi hafi eló
stig til að vera gjaldgengur í
Framhaldsflokki.

4. bekkur & eldri (þjálfari Björn Ívar Karlsson)

Priðjudaga kl. 16:00 - 17:30 → Stúkan,
glersalur

Fimmtudaga kl. 16:30 - 18:00 →
Stúkan, glersalur

Föstudaga kl. 17:30 - 19:00 → Stúkan,
glersalur (sameiginleg æfing með
Framhaldsflokki)

Hópurinn samanstendur af iðkendum á
aldrinum 9 ára og eldri, ekki er gerð
krafa um eló stig.

2. - 3. bekkur (þjálfari Arnar Ingi Njarðarson)

Mánudaga kl. 16:20 - 17:20 → Stúkan,
glersalur

Miðvikudaga kl. 16:45 - 17:45 →
Stúkan, glersalur

Föstudaga kl. 17:30 - 19:00 → Stúkan,
glersalur (sameiginleg æfing með
Framhaldsflokki)

Hópurinn samanstendur af iðkendum frá 7 til 9 ára, ekki er gerð krafa um eló stig.

1.bekkur og yngri (þjálfari Lenka Ptacnikova)

Mánudaga kl. 15:15 - 16:15 → Stúkan, glersalur

Miðvikudaga kl. 15:15 - 16:15 → Stúkan, glersalur

Föstudaga kl. 15:15 - 16:15 → Stúkan, glersalur

Hópurinn samanstendur af iðkendum 6 ára og yngri.

Stúlkna æfingar í samstarfi við Skákskóla Íslands (þjálfari Jóhanna Björg Jóhannsdóttir)

Mánudaga kl. 17:30 - 19:00 → Stúkan, glersalur

Þjálfarar

Þjálfarar skákdeildar Breiðabliks tímabilið 2020-2021 voru Birkir Karl Sigurðsson, Björn Ívar Karlsson, Arnar Ingi Njarðarson og Lenka Ptacnikova. Í ársbyrjun 2021 bættist Hjörvar Steinn Grétarsson í þjálfarateymið.

Starfsemin 2020-2021

Æfingatímabili var lengt til 29. maí vegna Covid-19. Vormót skákdeildar Breiðabliks fór þá fram en þar tóku þátt 45 iðkendur. Sumarnámskeið Breiðabliks voru á sínum stað í sumar. Þá var einnig boðið uppá sumarnámskeið fyrir lengra komna sem haldið var seinni part dags tvisvar í viku í Lindaskóla sem Birkir Karl Sigurðsson þjálfaði og var mikil ánægja með það. Landsmótið í Skólaskák fór fram 21. maí á netinu en þar sigraði Matthías Björgvín Kjartansson yngri flokkinn og var einnig efstur á öllu mótinu. Æfingar hófust síðan af fullum krafti í september og æfðu fjórir hópar þrisvar sinnum í viku, ásamt því voru afreksæfingar og stúlkna æfingar einu sinni í viku. Covid-19 hélt áfram að

setja mark sitt á starfseminna og snemma í október var öllu aftur skellt í lás, þar sýndu þjálfarar deildarinnar enn og aftur útsjónarsemi sína og voru snöggir að aðlaga iðkendur að netæfingum þar sem kennsla fór fram með ýmsum hætti, svo sem með kennslumyndböndum á Youtube og zoom æfingum. Þar svöruðu iðkendur þrautum og spurningum sem héldu þeim vel við efnið ásamt því að þjálfarar stóðu fyrir spurningakeppni og netmótum. Verður að hrósa bæði þjálfurum og iðkendum fyrir þolinmæðina og áhugann á meðan þessu stóð. Æfingar hófust svo aftur í nóvember og voru allir iðkendur hæst ánægðir með það. Iðkendafjöldi deildarinnar telur 62 iðkendur, miðað við 55 í fyrra. Stuttu fyrir páska var allt starf stoppað vegna Covid-19 í fjórða sinn og eru þjálfarar okkar þegar búnir að setja inn netæfingar, myndbönd, mót og keppnir sem verða í gangi á meðan ekki er unnt að halda venjulegar skákæfingar. Það er ánægjulegt að sjá hve hratt þjálfarar bregðast við breyttum aðstæðum og kappkosta við að halda áhuga iðkenda sinna á lofti og erum við afar stolt og þakklát fyrir góða þjálfara sem starfa fyrir deildina.

Mótahald

Íslandsmót ungmenna var haldið í lok nóvember og voru iðkendur Breiðabliks áberandi að vanda og sigursælir á mótinu. Alls tóku 40 iðkendur deildarinnar þátt og stóðu þau sig frábærlega. Keppt var í flokkum U8, U10, U12 og U14/15 og unnu iðkendur deildarinnar til alls 12 verðlauna og þar af 5 Íslandsmeistararitla. Íslandsmeistarar eru Birkir Hallmundarson (U8), Sigurður Páll Guðnýjarson (U10 karla), Guðrún Fanney Briem (U10), Tómas Möller (U12), Gunnar Erik Guðmundsson (U14).

Skákdeildin hélt veglegt jólasálmót 18. desember, mótið var haldið á

netinu og var hluti af þjálfarateyminu með beina útsendingu á mótinu þannig að foreldrar og forráðamenn gátu fylgst með og var mikil ánægja með mótið af allra hálfu. Í byrjun mars hélt skákdeild Breiðabliks svo glæsilegt mót, Skákþing Kópavogs, í stúkunninni við Kópavogsvöll. Mótið var síðast haldið fyrir 20 árum og voru aðstæður og aðbúnaður til fyrirmyndar. Það voru notað fjögur live skákskýringarborð á mótinu þar sem hægt var að fylgjast með gangi mála. Tefldar voru 7 umferðir og var Halldór Grétar Einarsson fyrirverandi formaður skákdeildar Breiðabliks krýndur Skákmeistari Kópavogs 2021. Mótið gekk vel fyrir sig. Stjórn deildarinnar er ánægð með hvernig undirbúningur, mótahald og frágangur tókst til og vonast til að geta haldið viðburðinn aftur að ári og þá enn stærri.

Keppnisferðir

Ekki hefur verið mikið um æfinga- og keppnisferðir á tímabilinu vegna aðstæðna hérlendis og erlendis en bindur deildin miklar vonir um að geta stutt við bakið á iðkendum sínum í æfinga- og keppnisferðum á næsta tímabili eða um leið og opnast á ferðalög að nýju. Skáksamband Íslands bauð efnilegum skák krökkum og unglingum í skákbúðir á Hótel Selfoss um miðjan mars mánuð. Tólf glæsilegir iðkendur skákdeildar Breiðabliks fengu boð um þátttöku í þessu verkefni og höfðu þau mikið gagn og gaman af.

Heimasíðan

Fréttir frá deildinni eru settar inn á Facebook síðuna Skákdeild Breiðabliks -iðkendur og þjálfarar og svo einnig inn á vefsíðu Breiðabliks, www.breidablik.is, en þar undir er að finna félagssvæði Skákdeildar: <https://breidablik.is/skak/>

Fjárhagurinn

Tekjur lækkuðu lítillega milli ára og voru 5,1 m.kr í árslok. Mestu munaði á fjárhæð framlaga og styrkja milli ára, eða 557 þús.kr. Rekstrarkostnaður ársins var 686 þús.kr. lægri en í fyrra og afgangur ársins nam 1.370.582 kr.

Helstu tekjur deildarinnar eru æfingagjöld (1.714 þús.kr.) og framlög og styrkir frá ÍSÍ, UMFÍ, Lottó og ýmsum fyrirtækjum (1830 þús.kr.).

Tekjur á æfingagjöldum hækka um 372 þús milli ára.

Kristófer Gautason

Formaður Skákdeildar Breiðabliks.

Ársskýrsla Skíðadeildar Breiðabliks



Á síðasta aðalfundi, sem haldinn var í Smáranum 6 maí 2020, voru eftirtaldir kosnir í stjórn skíðadeildar Breiðabliks og skipti stjórnin með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Formaður: H. Davíð Björnsson
Gjaldkeri: Ævar Rafn Björnsson
Ritari: Sara Fönn Jóhannesdóttir

Meðstjórnendur:
Kári Arnar Kárson
Steinunn Arna Jóhannesdóttir

Fulltrúi foreldrafélagsins:
Steinunn Arna Jóhannesdóttir
Til vara: Garðar Þorvarðarson.

Formaður hefur setið fundi Skíðaráði Reykjavíkur (SKRR) sem áheyrnarfulltrúi og fundi betri skíðasvæði Bláfjöll/Skálafell.

Alpagreinanevnd:

Í alpagreinanevnd hafa starfað Stefán Árni Auðólfsson og Davíð Björnsson

Nevndin sér um ráðningu þjálfara og annað sem snýr að þjálfun.

Mótanefnd:

Mótanefnd skipa Smári R. Þorvaldsson, Stefán Árni Auðólfsson, Garðar Þorvarðarson og Davíð Björnsson og er mótahald á vegum deildarinnar í þeirra höndum.

Vegna veðurs og Covid 19 hefur ekki verið haldinn nema lítill hluti af mótum vetrarins. Fyrirhugað er að halda Andrésar Andarleikana 22-24.apríl. Þar á eftir í fullorðinsflokki tvö svig Bikarmót, Atonic cup og Skíðamót Íslands. Reynt verður svo að halda Unglingameistaramót Íslands fyrstu helgina í maí. Önnur mót falla niður.

Skálanefnd:

Breiðabliksskálinn skíðamiðstöð Kópavogs í Bláfjöllum er mikilvæg undirstaða fyrir starf deildarinnar. Rekstur skálans er í traustum höndum skálanefndarinnar, en hana skipa Jóhannes Sveinbjörnsson formaður og skálavörður er Bergþór Kárason.

Foreldrafélag:

Í foreldrafélaginu hafa starfað formaður Steinunn Arna Jóhannesdóttir, gjaldkeri María Kristín Valgeirsdóttir og meðstjórnendur Ingólfur Óskarsson Kristín Erla Sveinsdóttir.

Hlutverk foreldrafélagsins er að:

Auka velferð, áhuga og vellíðan iðkenda, stuðla að auknum tengslum foreldra við félagið, hafa umsjón með fjáröflun iðkenda vegna æfinga- og keppnisferða, hafa umsjón með gistingu í skála og skipuleggja sjoppuvaktir í skálanum.

Þjálfarar:

Yfirþjálfari Kristján Flosason 7. ára og yngri, Íris Long og Daníel Ingi Egilsson hjá 8-9. ára. Vernharð Guðnason og Iðunn Rún Kristjánsdóttir. 10-11.ára. Snorri Páll Guðbjörnsson og Ólafía Elísabet Einarsdóttir. 12-13. ára. Jón Elí Rúnarsson. 14-15. ára. Arnór Þorkell Gunnarsson 16 ára og eldri. Egill Ingi Jónsson sá um styrktarþjálfun, Marko Spoljark og Damjan Herr Vesovic hafa séð um skíðaþjálfunina.

Starfið í vetur

Styrktarþjálfun í fullorðinsflokki hófst um mánaðarmótin maí-júní og hjá 15 ára og yngri í ágúst-september. Fyrsta æfingin í Bláfjöllum var 4. des. Æfingadagar eru orðnir 45 auk 9

æfingadaga hjá 16 ára og eldri sem fengu undanþágu í Covid. Lokað var fyrir æfingar 25. mars til 16. apríl en undanþága fékkst 1. apríl fyrir 16 ára og eldri. Samstarf við skíðafélögin í Reykjavík hélt áfram í vetur, hjá 16 ára og eldri, Skíðalið Reykjavíkur og Breiðabliks. Hjá yngri flokkunum hélt samstarfið áfram við KR.

Keppnir erlendis.

Lítið var um keppnir erlendis vegna COVID. Björn Davíðsson keppti þó á alþjóðlegum mótum á Ítalíu, Sviss og Liechtenstein og bætti hann punktastöðu sína.

Lokaorð.

COVID gerði skíðaíþróttinni erfitt fyrir eins og í fyrravetur. Fá mót voru haldin hérlendis og var lítið um það að keppendur færu á mót erlendis. Einnig voru lokanir á svæðinu og fjöldatakmörkanir erfiðar íþrótta-starfinu. Áfram var ekkert aðhafst í uppbyggingu á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins og er skíðafólk orðið langþreytt á því.

*Fyrir hönd stjórnar skíðadeildar
Breiðabliks,*

Davíð Björnsson

Ársskýrsla Sunddeildar Breiðabliks



Síðasti aðalfundur Sunddeildarinnar var haldinn í Smáranum 5. maí 2020

Á fundinum létu Bryndís Sigurðardóttir, formaður og Gunnlaugur Þór Guðmundsson, gjaldkeri af stjórnarstörfum og ný stjórn var kosin. Eftirtaldir aðilar voru kosnir í stjórn:

Jónína Guðmundsdóttir, formaður
Hákon Hrafn Sigurðsson, gjaldkeri
Guðlaug Björnsdóttir, ritari
Þóra Bjarnadóttir
Hjördís Rögn Baldursdóttir
Anna Steinunn Ingólfssdóttir

Starfsemin

Ekki er hægt að segja að starfsemi deildarinnar hafi verið með hefðbundnu sniði árið 2020, enda hafði COVID-19 gríðarlega mikil áhrif á allt íþróttastarf í landinu. Stjórnarfundir voru haldnir eftir þörfum, en mislangt leið á milli funda og var oft notast við fjarfundabúnað sökum samkomutakmarkana í samfélaginu. Stjórnarsamstarfið gekk engu að síður mjög vel.

Rekstur deildarinnar hefur verið með svipuðu sniði og síðustu ár. Þar sem æfingar lágu niðri hluta ársins var launakostnaður heldur lægri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir og eins var

kostnaður vegna þátttöku á sundmótum lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Æfingagjöld voru eitthvað lægri en áætlað hafði verið, m.a. vegna þess að 6 vikna sundnámskeiðin féllu niður, en vegna fjölgunar iðkenda á haustönn eru æfingagjöld á pari við það sem voru árið 2019. Eins fékk deildin styrki vegna afleiðinga COVID-19. Fjárhagsleg staða deildarinnar er því nokkuð góð.

Samstarf við aðalstjórn Breiðabliks hefur verið mjög gott og hefur mikill stuðningur fengist þaðan á árinu. Sportabler er kerfi sem unnið var að innleiðingu að fyrir sunddeildina á árinu til að halda utan um mætingar og samskipti við foreldra. Það hefur nú verið tekið í gagnið.

Starf sunddeildarinnar fór fram í Kópavogslaug og Íþróttamiðstöðinni í Versölum í Salahverfi líkt og undanfarin ár. Æfingahópar í Salalaug voru C og D hópar á vorönn og á haustönn bættust við tveir E hópar. Í Kópavogslaug voru starfræktir 6 æfingahópar í barna og unglingshópum á vorönn 2020 og á haustönninni bættist svo einn hópur við. Aukning hefur verið í flestum hópum deildarinnar.

Tvö 12 vikna sundnámskeið námskeið voru haldin á árinu, bæði í Salalaug og

Kópavogslaug. Vegna COVID-19 þurfti að fella niður 6 vikna sundnámskeiðið sem áætlað var að yrði haldið í lok vorannar. Sumarnámskeið Sundskóla Breiðabliks gengu vel og var mikil eftirspurn eftir þessari þjónustu deildarinnar meðal bæjarbúa líkt og undanfarin ár. Alls sóttu 314 börn á aldrinum 5-10 ára sumarsundnámskeið.

Sunddeildin hefur haft aðgang að litlum æfingasal í kjallara Kópavogslaugar sem einkum hefur verið nýttur fyrir þrekæfingar fyrir B hóp. A hópur hefur haft aðgang að stærri sal hjá Reebok Fitness fyrir sínar þrekæfingar. Þessi aðstaða er því miður frekar lítil fyrir þessa hópa og hefur verið aðeins hamlandi. Vegna COVID-19 var þessi aðstaða jafnframt lokað stóran hluta ársins og lágu þá þrekæfingar að mestu niðri, þó reynt væri að halda úti einhverjum þrekæfingum utandyra.

Vegna COVID-19 lágu sundæfingar niðri um nokkurra vikna skeið, bæði á vorönn og haustönn. Þjálfarar reyndu eftir fremsta megni að bjóða sundmönnum upp á þrekæfingar til að sinna að heiman, en eins og gefur auga leið er erfitt að sinna hefðbundnum sundæfingum að heiman 😊. Til að bæta upp fyrir þann tíma sem féll niður var vorönnin lengd inn í sumarið hjá öllum flokkum og sumarfríð því óvenju stutt þetta árið.

Starfsmannamál

Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir er sem fyrr yfirþjálfari deildarinnar, en hún sér um þjálfun A-hóps og D hóps í Kópavogslaug, auk þess að kenna á sundnámskeiðum í Kópavogslaug. Karl Pálmason þjálfar einnig A-hóp á móti Örnú Þóreyju. Gunnar Egill Benónýsson sá um þjálfun B hóps og C hóps í Kópavogslaug. Á haustönn bættist Sigurður Daniel Kristjánsson inn í þjálfarateymið fyrir B hópinn, en

hann hafði á vorönn þjálfað C og D hópa í Salalaug. Sveinbjörn Pálmi Karlsson tók við þeirri þjálfun á haustönn 2020, auk þess sem hann þjálfar nú E1 og E2 í Salalaug og kennir á sundnámskeiðum á móti Gunnari þar. Anna Steinunn Ingólfssdóttir sá um þjálfun E og F hópa í Kópavogslaug og var um aukningu að ræða þar í haust þegar bætt var við öðrum E hóp vegna mikillar aðsóknar. Ingibjörg sem þjálfaði á sundnámskeiðum í Salalaug á vorönn lét af störfum í vor.

Gunnar Egill hafði umsjón með sumarsundnámskeiðunum og kenndi jafnframt á þeim námskeiðum í Salalaug. Brynjólfur Karlsson kenndi á námskeiðunum í Kópavogslaug og höfðu þeir nokkra unglinga frá Vinnuskóla Kópavogsbæjar sér til halds og trausts.

Félagsstarfsemi og sundmót

Árleg uppskeruhátíð sunddeildarinnar var haldin í Smáranum 23. febrúar 2020 þar sem verðlaun voru veitt fyrir góðan árangur árið 2019. Veitt voru verðlaun fyrir stigahæstu sundmenn í öllum flokkum, framfara- og ástundunarverðlaun, viðurkenningar fyrir landsliðsverkefni, sundkona og sundkarl ársins og verðlaun fyrir Íslandsmet í flokki pílta 15-17 ára.

Vegna COVID-19 var ekki mögulegt að halda þau sundmót sem ráðgert hafði verið að haldin yrðu á vegum sunddeildarinnar á árinu 2020. Vormót félagsins féll því niður, sem og UMSK mótið sem halda átti í október.

Þann 20. júní var haldið lítið innanfélagsmót fyrir A og B hópa. Mótið var að fullu mannað með dómurum félagsins og tókst í alla staði mjög vel. Í stað verðlauna eftir greinum var mótið endað með pizzuveislu fyrir krakkana þar sem allir þátttakendur fengu útdráttarverðlaun sem safnað hafði verið.

Árið 2020 var á dagskrá að fara til Tenerife með A og B hópa félagsins, en eins og með svo margt annað þurfti að aflýsa þeirri ferð vegna COVID-19.

Jólagleði sunddeildarinnar var með óheðbundnu sniði, þar sem samkomutakmarkanir leyfðu ekki hið hefðbundna jólasund. Yngri hópar fengu þó sérstakan jólatíma í lok annar þar sem endað var á kakó og piparkökum.

Þátttaka á sundmótum

COVID-19 setti mark sitt á þátttöku á sundmótum á árinu og féllu því miður mörg mót niður. Engu að síður voru nokkur mót haldin, bæði hjá öðrum félögum og mót á vegum Sundsambands Íslands.

Fyrsta mót ársins voru Reykjavíkurlæikarnir, Reykjavík International Games, sem fór fram 24-26. janúar 2020. Þar náðu sundmenn Breiðabliks góðum árangri og unnu samtals 21 verðlaun og þar af 10 gullverðlaun.

Áður en mótastarf lagðist af vegna COVID náðu sundmenn Breiðabliks að synda á þremur félagsmótum í febrúar og mars og stóðu sig vel að vanda. Akraneslæikarnir voru haldnir 12-14. júní og þar kepptu krakkar úr B og C hópum félagsins.

Á ÍM50

Íslandsmótið í 50 metra laug fór fram í júlí og átti Breiðablik 19 keppendur og komu 13 Íslandsmeistaratitlar í hús, auk þess sem sunddeildin vann til 16 annarra verðlauna á mótinu.

Aldursflokkameistaramót Íslands (AMÍ)

Aldursflokkameistaramót Íslands var heldur seinna á ferðinni en áætlað var og var haldið í Hafnarfirði fyrstu helgina í júlí. Sundkrakkarnir okkar stóðu sig virkilega vel og náði deildin

þriðja sæti á mótinu. Þar voru jafnframt krýndir

14 aldursflokkameistarar frá Breiðabliki í einstaklingsgreinum og 3 í boðsundum. Af sex stigahæstu sundmönnum mótsins, átti Breiðablik tvo. Ólafsbikarinn, sem veittur er fyrir besta afrek mótsins, kom jafnframt í hlut Sunddeildar Breiðabliks fyrir afrek í 800 m skriðsundi telpna.

Önnur mót

Á haustönn 2020 náði sunddeildin að fara á tvö mót áður en öllu var skellt aftur í lás. A hópur fór norður til Akureyrar og keppti á Sprengimóti Óðins. Farið var norður með rútu og gist saman á hóteli. Sú ferð var gott hópefli og var andinn góður. Þá sömu helgi kepptu B og C hópar á Hafsportsmóti Ármanns í Laugardalslauginni.

Bikarkeppni SSÍ féll niður, sem og Íslandsmótið í 25 metra laug, en þessi mót voru á dagskrá á haustmánuðum.

Tveir sundmenn Breiðabliks náðu lágmarkum fyrir Evrópumeistaramót Unglinga og þrír sundmenn náðu lágmarkum fyrir Norðurlandamót Æskunnar. Þessi mót áttu að fara fram sumarið 2020, en því miður féllu þau niður.

Samtals tóku 12 sundmenn úr Breiðablik þátt í landsliðsverkefnum á vegum Sundsambands Íslands á árinu 2020 og á félagið nú 3 sundmenn í úrvalshópi SSÍ, en í hópnum eru einungis 12 sundmenn.

Frekari upplýsingar um þessi mót og árangur sundmanna deildarinnar má finna á Facebooksíðu sunddeildarinnar.

Endurnýjun tæknibúnaðar

Samningur við Icepharma um æfingafatnað var í gildi allt árið, en þarfnast endurnýjunar á næsta ári.

Foreldrastarf

Ekki fór mikið fyrir foreldrastarfi árið 2020 og mikilvægt að virkja fleiri foreldra til starfa til að dreifa álagi og ábyrgð, enda vinna allir starf sitt fyrir deildina í sjálfboðavinnu. Þar sem hætt var við æfingabúðir og lítið um mót á landsbyggðinni hefur Fjáröflunarnefnd ekki verið virk, en mikilvægt er að virkja slíka nefnd aftur.

upplýsingagjöf

Helstu fréttir frá deildinni fara inn á heimasíðu deildarinnar, en Facebook síðan hefur í vaxandi mæli verið okkar helsta upplýsingaveita. Sú síða er mjög virk og eru margir sem skoða hana reglulega en þar eru settar inn ýmsar upplýsingar, sérstaklega í tengslum við sundmót og fleiri atburði. Jafnframt höfum við nýtt Facebook fyrir síður fyrir einstaka hópa. Samskipti við foreldra fara ýmist í gegnum tölvupóst, Nórakerfið, Facebook og nú Sportabler. Lögð er áhersla á að hafa upplýsingagjöf sem besta, ekki síst í því ástandi sem verið hefur á árinu þar sem samkomutakmarkanir hafa hamlað æfingum og keppni.

Viðurkenningar

Á Íþróttahátíð Kópavogs sem haldin var í janúar 2020 voru meðal annars

veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í sundi fyrir árið 2019. Patrik Viggó Vilbergsson og Ragna Sigríður Ragnarsdóttir voru þar tilnefnd sem íþróttakarlar og íþróttakona Kópavogs ásamt 8 öðrum íþróttamönnum. Þau hlutu ekki þær viðurkenningar, en voru valin sem sundkarlar og sundkona ársins.

Í flokki 13-16 ára voru Kristín Helga Hákonardóttir og Guðmundur Karl Karlsson kjörin sundmaður og sundkona Kópavogs.

Á Íþróttahátíð Breiðabliks sem haldin var í janúar 2020 var Patrik Viggó kjörin Afrekskarlar Breiðabliks, auk þess að vera valinn sundkarlar félagsins. Ragna Sigríður var þar valin sundkona Breiðabliks.

Á íþróttarhátíð Kópavogs sem haldin var í janúar 2020 voru meðal annars veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í sundi. Þar heiðraði stjórn Breiðabliks íþróttakonu og íþróttakarlar hverrar deildar. Vert er að minnast á að Patrik Viggó var valinn íþróttakarlar Breiðabliks. Sem ómetanleg viðurkenning fyrir Sunddeils Breiðabliks.

10. mars 2021

Jónína Guðmundsdóttir, formaður

Ársskýrsla Taekwondodeildar Breiðabliks



Starf deildarinnar árið 2020 litaðist mjög mikið af takmörkunum, skertum æfingatíma og skertu starfi vegna Covid-19. Vegna þessa ákvað stjórn deildarinnar t.d. að framlengja vorönnina fram í júní til að hægt væri að halda beltapróf fyrir allan þá iðkendur sem höfðu æft þegar hægt var við þessar skrítnu aðstæður en fresta þurfti svartabeltisprófi vegna þeirra miklu annmarka sem þeim iðkendum var sett í ástundun sinni í því stranga ferli.

Iðkendur/foreldrar héldu mikilli festu með okkur í gegnum 2020 og varð lítið brottfall iðkenda og margir nýjir bættust við sem kom okkur mjög á óvart vegna ástandsins.

Seinna almenna beltaprófið fór síðan fram í desember og var metfjöldi þátttakenda enda hafði nýliðun farið langt fram úr björtustu vonum.

Búnaður deildarinnar fór í gegnum hefðbundna endurnýjun og var töluvert keypt af nýjum búnaði og aðstaða bætt t.a.m með kaupum á geymsluskápum o.fl

Stjórn Taekwondodeildarinnar vill þakka og hrósa starfsmönnum Breiðabliks fyrir góða og ábyrga stjórnun á viðbrögðum, leiðbeiningum og upplýsingagjöf í þeim aðstæðum sem uppi voru og einnig starfsmönnum íþróttahúss Lindaskóla fyrir frábæra þjónustu, viðmót, framkomu og fagmennsku á hverri einustu æfingu deildarinnar hjá þeim.

Virðingarfyllst,
Hlynur Örn Gissurarson,
formaður Taekwondodeildar

Ársskýrsla Þríprautardeildar Breiðabliks



Þríprautardeild Breiðabliks er ein stærsta Þríprautardeild á Íslandi og eru skráðir iðkendur vel yfir 100. Starf deildarinnar í ár var með skrýtnari hætti þetta árið og var oft krefjandi að halda úti formlegum æfingum hjá deildinni. Æfingar voru útfærðar með ýmsu móti þann tíma sem íþróttamannvirki voru lokuð en má þar m.a. nefna rafrænar æfingar, rafræna fræðslu og almenna hvatningu í gegnum veraldarvefinn. Stjórnin tók á það ráð að lána félagsmönnum IC8 hjólin okkar til iðkenda og vakti það góða lukku. Stjórnin ákvað að endurnýja liðsfatnað deildarinnar og var farið í hönnun á búningum. Nýju búningarnir verða afhentir iðkendum í byrjun maí 2021.

Formaður: Margrét J. Magnúsdóttir

Varaformaður: Kristín Vala Matthíasdóttir

Gjaldkeri: Margrét Ágústsdóttir

Ritari: Viðar Bragi Þorsteinsson

Meðstjórnendur:

Ragnheiður Sverrisdóttir

Jón Ágúst Gunnlaugsson

Jón Axelsson

Æfingar og helstu breytingar

- Þríprautardeild Breiðabliks var með aðsetur í Sporthúsinu til lok september en þá fluttum við æfingaraðstöðu okkar yfir í World Class.
- Þríprautardeildin var með formlega hjólatíma í Sporthúsinu kl 18:40-19:40 á þriðjudögum og fimmtudögum en er við færðum okkur í WC þá voru hjólatímar kl 18:30-19:30 á sömu dögum. Hjólaæfingar á sunnudögum voru kl 9.
- Hjólaæfingar voru bæði inni og úti á tímabilinu, 3x í viku
- Hlaupaæfingar voru mánudaga og miðvikudag kl 17:30 og laugardaga kl 9. Hlaupum á miðvikudögum inni í Laugardalshöll yfir háveturinn.

Íslandsmeistari í kvennaflokki;

Rannveig Anna Guicharnaud,
Íslandsmeistari í Ólympískri þraut og ofursprettþraut

Íslandsmeistari í karlaflokki:
Sigurður Örn Ragnarsson,

Íslandsmeistari í Ólympískri þraut og ofursprettþraut

Bikarmeistarar í karla- og kvennaflokki:

Sigurður Örn Ragnarsson og Guðlaug Edda Hannesdóttir

Þjálfarar og Þjálfarastefna

Þjálfun Þríþrautarinnar var aðallega í höndum Hákon Hrafn Sigurðssonar og Viðars Braga Þorsteinssonar. Hákon Jónsson sá um þjálfun garpa árið 2019 en Sigurður Örn Ragnarsson hóf störf hjá okkur sem sundþjálfari þríþrautarinnar haustið 2019. Hákon Hrafn Sigurðsson lét af störfum 1. Desember 2019. Fleiri þjálfarar hafa komið að þjálfun deildarinnar og hafa leyst verkefni sín með sóma. Má þar m.a. nefna Halldóru G. P. Matthíasdóttur, Friðrik Guðmundsson, Guðmund Inga Guðmundsson og Margréti Ágústsdóttur

Viðburðir og æfingabúðir

Farið var í æfingabúðir að Laugarvatni þar sem iðkendur skelltu sér til sunds í laugarvatni, hjóluðu og hlupu í dásamlegri náttúrunni þar í kring. Gisti hluti af hópnum að Minni Borg og hjólaði þar í kring. Minna var um æfingabúðir þetta árið út af dálitlu en við skelltum einnig í nokkra þríþrautardaga þar sem við fengum til okkar valinkunna fyrirlesara sem fræddu okkur um hin ýmsu mál er varðar hreyfingu og næringu. Garpahópurinn okkar fór í æfingabúðir til Borgarnes og einnig var farið í sjósundferðir nokkrum sinnum yfir tímabilið.

Guðlaug Edda Hannesdóttir kom sem gestþjálfari hjá okkur bæði á hjólaæfingar og sundæfingar deildarinnar. Við héldum okkar árlegu Kópavogspaupt mánuði seinna en venjulega og einnig voru minni viðburðir sem iðkendur héldu utan um og má þar t.d. nefna ekki æfing á föstudegi. Aðventuhjólíð okkar var á

sínum stað en rafrænt að þessu sinni. Síðastliðið æfingatímabil var krefjandi fyrir alla aðila og eiga allir sem að þríþrautardeildinni koma hrós skilið fyrir góða samvinnu, umburðarlyndi, jákvæðni, lausnamiðaða hugsun og frábæra samstöðu.